

EFNISYFIRLIT

Útgáfa

Um Svami Vivekananda

Formáli fyrir annarri útgáfu bókarinnar á frummálinu

- I. Áhrif karma á skapgerðina
- II. Sérhver er mikill á sínum stað
- III. Leynardómur starfsins
- IV. Hvað er skylda?
- V. Vér hjálpum sjálfum oss, heiminum eigi
- VI. Fráhvarf er alger sjálfsafneitun
- VII. Frelsi
- VIII. Takmark karma-yoga

Svami Vivekananda:

Starfsrækt - Karma-yoga

Þýðendur:

Jón Thoroddsen og Þórbergur Þórðarson

Útgefandi:

Alþýðuprentsmiðjan - Reykjavík 1926

Útgefandi rafbókar:

Ljósgeislar ehf

1. útgáfa 2011

Vefsíða: ljósgeislar.is

ISBN: 978-9979-9972-9-0

Rafbókin er ókeypis.



Svâmi Vivekananda

höfundur þessarar bókar, var Indverji að ætt og uppruna. Hann var fæddur árið 1863 og gekk um tíma í háskóla í Kalkútta. Síðan gerðist hann lærisveinn Râmakrishna, einhvers dásamlegasta guðmennis, er sögur fara af. Eftir það ferðaðist Vivekananda víða um Evrópu og Ameríku og flutti fyrirlestra um indverska heimspeki.

Í ættlandi sínu gerðist hann um eitt skeið frömuður andlegrar endurreisnar og verklegra framfara. En á efri árum fékkst hann eingöngu við andlega fræðslu, af því að hann óttaðist, að þjóðreisnarstörf sín væru blandin eigingirni.

Vivekananda var spekingur að viti, afburða ræðuskörungur og ritsnillingur. Hann hefir ritað fjölda bóka um yoga og indverska heimspeki. Vivekananda andaðist árið 1902, harmaður um Indland þvert og endilangt, enda var hann talinn sannheilagur maður.

Þ. Þ.

Formáli fyrir annarri útgáfu bókarinnar á frummálinu 1)

Orðið karma er skýrt að fullu í þessari bók. En ekki er ef til vill úr vegi að gera stutta grein fyrir, hvað átt er við með yoga. Þetta orð, sem lætur annarlega í eyrum Vesturlandabúa, er samt sem áður gamall kunningi í útlandum búningi. Bókstafleg merking þess er „að tengja saman“. Og það er af sömu rót runnið (*yug*) sem vort eigið orð yoke. Í fræðimáli tákna yoga sameining mannsins við guð, og einnig merkir það aðferðina, sem þessari sameiningu er náð með. Karma-yoga tákna því viðleitni til að ná guðdómlegri fullkomnun með óeigingjörnum athöfnum. Karma-yoga í fullkomnustu merkingu má því kalla hagnýta sálarfræði fremur en eingöngu fræðikerfi.

1) Vivekananda reit þessa bók og margar fleiri á enska tungu. Þýðandi.

Þessi bók er ætluð til að veita innsýn í aðferð til að vinna svo óhjákvæmileg skyldustörf daglegs lífs, að þau lyfti lífi voru upp úr fánýti skvaldurs og hversdagsleika og geri þau að leið upp í hæstu hæðir andlegrar raunþekkingar. Það býður fram úrlausn á því eilífa vandamáli, hvernig vér getum einnig „gert líf vort andlegt“, og lætur oss í té lyftingu til mannlegra starfa, jafnvel í virðingarminnstu athöfnum.

Karma-yoga kennir tign vinnunnar á sinn sérstaka hátt og hefir hvatningar- og hjálparorð að færa hvers konar verkamönnum í hinni voldugu vinnustöð veraldarinnar.

Þeim, sem halda, að Vedanta-heimspekin kenni aðeins eina leið til hjálpræðis, verður þessi bók opinberun. Mál hennar verður ekki misskilið. Hún staðhæfir hvað eftir annað, að sömu hæð andlegrar raunþekkingar, sem þeir ná, er afneita vinnunni, verði einnig náð af hinum, sem veit, hvernig á að lifa í heiminum og verða þó ekki *hans*.

Karma-yoga viðurkennir nauðsyn starfsins. En hún sýnir oss, hvernig leysast skuli úr áþján þess, hvernig eigi að vinna eins og meistarar, ekki eins og þrælar. Vér getum breytt hversdagslegustu störfum vorum í andleg verðmæti til þess að vegsama tilveruna og gera hana að beinni braut til Paradísar.

Útgefandinn.

ÁHRIF KARMA Á SKAPGERÐINA

Orðið karma er dregið af „kri“ á sanskrít, sem merkir *að gera*. Allt, sem gert er, er karma. Í fræðimáli merkir orð þetta einnig afleiðing athafnar. Í háspeki tákna það stundum afleiðing fyrri athafna vorra. En í Karma-yoga látum vér orðið aðeins tákna athöfn.

Takmark gervalls mannkynsins er þekking. Þetta er eina markmiðið, sem oss er sett fyrir sjónir í austrænni heimspeki. Munaður er ekki takmark mannsins, heldur þekking. Munaður og farsæld eru stundleg. Það er misskilningur manna að halda, að munaður sé takmarkið. Það er orsök alls volæðis í veröldinni, að menn halda í heimsku sinni, að munaður sé markmiðið. Síðar meir kemst maðurinn að raun um, að það er ekki farsæld, sem hann stefnir að, að bæði ánægja og þjáning eru ágætir kennarar, og að hann lærir eins mikið af hinu illa sem hinu góða.

Þegar ánægju og þjáningu ber fyrir sál hans, skilja þær eftir margvíslegar myndir, og árangur allra þessara áhrifa er það, sem nefnt er *skapgerð mannsins*. Ef þú rannsakar skapgerð einhvers, hvað er hún þá í raun og veru annað en tilhneigingar, samsafn af hneigðum hugans?

Þú munt komast að raun um, að gæfa og ógæfa voru jafnt að verki í myndun skapgerðarinnar. Gott og illt á jafnan þátt í mótun hennar, og stundum er ógæfa betri kennari en gæfa.

Athugun á mikilmönnum þeim, sem heimurinn hefir alið, færir mér heim sanninn um, að ógæfa kenndi þeim í flestum stöðum meira en gæfa; fátækt kenndi meira en auður; áföll knúðu fremur fram hinn innra eld en eftirlæti.

En þekking þessi er manninum hins vegar meðsköpuð. Engin þekking kemur utan að. Hún er öll inni fyrir. Það, sem vér segjum að einhver „viti“, ætti að heita á nákvæmu sálarfræðimáli, að hann hafi „uppgötvað“. Það, sem maður „lærir“, er í raun og veru það, sem hann „uppgötvar“. Felst þar í orðinu uppgötvun: „hann grefur upp úr sál sinni“, sem er náma þrotlausrar þekkingar.

Vér segjum, að Newton hafi uppgötvað þyngdarlögmálið. Sat það fyrir honum í einhverjum afkima? Það var í huga hans. Fylling tímans kom, og hann fann það. Öll sú þekking, sem heimurinn hefir öðlast, kemur frá huganum. Ótæmandi þekkingarlindir alheimsins eru í þínum eigin hug. Umheimurinn er aðeins hugvekja, tilefnið, sem knýr þig til að rannsaka hug þinn, en rannsóknarefnið er alltaf eigin hugur þinn.

Fall eplisins var Newton hugvekja, og hann rannsakaði hug sinn. Hann skipaði niður á nýjan leik þekkingaratriðum hugans og uppgötvaði meðal þeirra ókunnan lið, sem vér nefnum þyngdarlögmál. Það var hvorki eplið né neitt inni í miðju jarðarinnar.

Öll þekking, stundleg og andleg, er í hug mannsins. Á mörgum svæðum er hún hulin og verður hulin, og þegar skýlunni er lyft hægt og hægt, segjum vér: „vér erum að læra“, og þekkingin vex að sama skapi og skýlunni er lyft.

Sá, sem er að lyfta skýlunni, er á þekkingarbrautinni. Sá, sem er sveipaður henni, er fávís, og sá, sem hefir svift henni burtu, er alvís, alvitur. Alvitrir menn hafa verið til, og ég trúi, að þeir verði til, og að þeir verði óteljandi, er aldir líða.

Þekkingin leynist í huganum eins og eldur í tinnu. Hugvekjan er höggið, sem lýstur fram eldinn. Svo er það um allar athafnir vorar, tár vor og bros, gleði vora og sorgir, grát vorn og hlátur, bölbænir vorar og blessunarorð, lof vort og last. Vér finnum, ef vér rannsökum sjálfa oss rólega, að þetta hefir allt verið lostið fram af mörgum höggum.

Árangurinn er það, sem vér erum. Öll þessi högg saman lögð eru „karma“, athöfn. Sérhvert andlegt og líkamlegt högg, sem sálin er slegin, til þess að ljósta fram hinn innra eld, til þess að afhjúpa afl hennar og þekking, er karma, karma í víðtækustum skilningi. Því erum vér stöðugt að inna af hendi karma. Ég tala við yður. Það er karma. Þér hlustið. Það er karma. Vér öndum. Það er karma. Vér göngum. Karma. Vér tölum. Karma. Allt, sem vér gerum, andlegt og líkamlegt, er karma og skilur eftir merki sitt á oss.

Til eru verk, sem eru, ef svo má að orði kveða, hópur, samsafn margra minni verka. Þegar vér stöndum á sjávarströnd og heyrum öldurnar gjálfra við fjörugrjótið, lætur það í eyrum vorum sem geysignýr. Og samt sem áður vitum vér, að hver alda er til orðin af milljónum milljóna af minni bárum. Sérhver þeirra veldur hljóði, en vér getum ekki greint það. Vér getum aðeins greint samhljóð þeirra allra.

Svo vinnur og sérhvert hjartaslag verk sitt. Sum verkin verðum vér varir við, og þau verða oss áþreifanleg, en þau eru í raun og veru samsafn margra minni verka.

Ef þér leikur verulega hugur á að þekkja skapgerð einhvers, skaltu ekki gefa stórvirkjum hans gætur. Öll fífl verða einhvern tíma hetjur. Gefðu manninum gætur, þegar hann er að hversdagsstörfum sínum. Þau geta bezt sýnt þér, hvort hann er í raun og veru mikilmenni. Góð tækifæri hefja jafnvel auðvirðilegustu smámenni til mikilmennsku. En sá einn er mikill, sem alltaf er mikill, hvernig sem ástatt er.

Áhrif karma á skapgerðina er voldugasti máttur, sem maðurinn á skifti við. Maðurinn er aflstöð, ef svo mætti að orði kveða, og dregur til sín allan mátt alheimsins, breytir honum og

kastar frá sér í stríðum straumi. Afstöð þessi er hinn innri maður, hinn almáttugi, hinn alvitri. Hann dregur gervallan alheiminn í áttina til sín, gott og illt, gæfu og ógæfu; allt sópast að honum, vefur sig um hann, og úr þessu vinnur hann það reginafl, sem nefnt er *skapgerð*, og sendir því út frá sér. Eins og hann hefir mátt til þess að draga það að sér, hefir hann og mátt til að kasta því frá sér.

Allar athafnir, sem oss birtast í heiminum, allar hræringar í mannfélaginu, öll störf umhverfis oss, eru aðeins ytri mynd hugsunarinnar, birting vilja mannsins. Vélar eða verkfæri, borgir, kaupför, herskip er allt birting *viljans*, og þessi vilji er myndaður af skapgerðinni og skapgerðin unnin úr karma. Eins og karma er, svo er og birting viljans.

Voldugustu viljamennirnir, sem heimurinn hefir borið, hafa allir verið frábærir afkastamenn, – jötunefldir andar með járnvilja, nógu aflmiklir til þess að velta veröldum. Og þetta urðu þeir fyrir látlausu vinnu líf eftir líf.

Menn með ofurvilja eins og Búddha og Jesús hafa ekki getað öðlast hann í einu lífi, því að vér vitum, hverjir feður þeirra voru. Það er ekki kunnugt, að feður þeirra hafi sagt aukatekið orð mannkyninu til blessunar.

Milljónir trésmiða, eins og Jósef var, hafa liðið undir lok. Milljónir eru enn á lífi. Milljónir smákonunga, eins og faðir Búddha var, hafa lifað í heiminum. Hvernig geturðu ímyndað þér, ef hér væri aðeins um erfðir að ræða, að þessi smákonungur, sem var ef til vill ekki hlýtt af þjónum sínum, hefði getið slíkan son, er hálfur heimurinn tignar? Hvernig geturðu brúað djúpið, sem er staðfest milli trésmiðarins og sonar hans, er milljónir manna telja guð? Það verður ekki brúað með erfðakenningunni.

Hvaðan kom þessi geysivilji, sem Búddha slöngdi yfir heiminn og streymdi út frá Jesús? Hvaðan kom slíkur reginmáttur? Hann hlýtur að hafa búið með þeim líf eftir líf og stöðugt aukist ásmegin, þar til hann brauzt yfir mannfélagið frá einhverjum Búddha eða Jesús, og hann hefir streymt þrotlaust fram á þennan dag.

Og allt er þetta ákveðið af karma, athöfn. Enginn getur öðlast neitt, nema hann vinni fyrir því. Það er eilíft lögmál. Vér getum haldið, að svo sé ekki, en með tíð og tíma munum vér sannfærast um það.

Maðurinn getur streizt við alla ævi að verða auðugur. Hann getur féflett þúsundir manna, en hann finnur að lokum, að hann hefir ekki unnið til auðæfanna, og lífið verður honum amstur og skapraun.

Vér getum haldið áfram að fullnægja líkamlegum nautnum vorum, en það eitt er vort, sem vér vinnum til. Heimskinginn getur keypt allar bækur veraldarinnar, en þær liggja í bókasafni

hans, og hann verður aðeins fær um að lesa þær, sem eru við hans hæfi, en hæfið er árangur af karma.

Karma vort ákveður, hvað vér eigum skilið, og hvað vér getum hagnýtt oss. Vér berum ábyrgð á, hvað vér erum, og það, sem vér viljum verða, getum vér orðið. Ef vér erum það nú, sem vér höfum skapað oss með fyrri athöfnum vorum, leiðir sannarlega þar af, að það, sem vér viljum verða, getum vér gert oss með athöfnum vorum nú. Þess vegna þurfum vér að vita, hvernig vér eigum að starfa.

Þú getur spurt: „Hver not eru að því að læra, hvernig á að vinna? Allir vinna í heimi þessum.“ En það er til, að menn kasta á glæ krafti sínum.

Um karma-yoga er það sagt í Bhagavad-gita, að það sé að vinna verk með skýrleik, eins og væri það vísindi. Þekking á því, hvernig verk ber að vinna, hefir í för með sér margfaldan árangur. Þú skalt minnast þess, að öll þessi verk eru ekki til annars en að opinbera afl hugans – en það er inni fyrir –, að vekja sálina. Aflið býr í öllum og þekkingin einnig. Hin margvíslegu verk líkjast höggum, sem ljósta fram hæfileika þessa og fá risann til að rumska.

Menn vinna af ýmsum ástæðum. Ástæðulaust verður ekkert unnið. Sumir óska frægðar, og þeir vinna frægðarinnar vegna. Aðrir óska fjár, og þeir vinna fjárins vegna. Aðrir óska valds, og þeir vinna valdsins vegna. Aðrir óska himneskrar sælu, og þeir vinna sælunnar vegna. Aðrir æskja virðingarnafna að sér látnum, eins og tíðkast í Kína, þar sem enginn ber titil, fyrr en hann er dáinn. Og sú er skásta óskin, þegar alls er gætt. Þegar einhver gerir þar annálað góðverk, getur hann dánunum föður sínum eða afa fagran orðstír.

Sumir Múhamedstrúarmenn vinna að því alla ævi að eiga völduga grafhvelfingu, er þeir deyi. Ég þekki sértrúarflokka, sem byrja að undirbúa grafhvelfingu barns, þegar borið er. Þetta hyggja þeir allra hluta nauðsynlegast, og því stærri og fegurri sem grafhvelfingin er, því betur er talið að mannum vegni.

Aðrir vinna sér til syndabóta, fremja alls konar óguðlegt athæfi, reisa síðan musteri eða gefa eitthvað til prestanna til þess að kaupa sér lausn og ávinna sér vegabréf til himnaríkis. Þeir halda, að það muni hreinsa sig og skila sér heilu og höldnu á lífsins land. Þetta eru nokkrar af ástæðum til athafna.

Verkið verksins vegna. Þeir eru fáir í landi hverju, sem eru sannarlegt salt jarðar, vinna verksins vegna og hirða hvorki um frægð og frama né himneska sælu. Til eru aðrir, sem gera fátækum gott og hjálpa mannkyninu af enn æðri hvötum, af því að það er gott og þeir elska það, sem gott er.

Eftirsókn frægðar og frama uppsker sjaldan ávexti í bráð. Venjulega uppskerum vér þá á gamalsaldri og grafarbakka. Hvað verður um þann, sem vinnur án allra eigingjarnra hvata? Uppsker hann ekkert? Jú, hann uppsker mest.

Ósingingirni endurgeldur bezt, en fólk brestur þolinmæði til þess að ástunda hana. Hún veitir oss einnig verðmæti þessa heims. Ást, sannleikur og ósingingirni eru ekki aðeins siðferðileg hugtök, heldur æðstu hugsjónir, af því að þau eru opinberun máttar. Sá, sem getur unnið fimm daga eða fimm mínútur án allra eigingjarnra hvata, án þess að hugsa um framtíðina eða himnaríki eða refsingu eða annað því um líkt, verður ofurmenni. Það er erfitt, en í fylgsnum hjartans finnum vér ágæti þess og blessun þá, sem það hefir í för með sér. Það er æðsta birting máttar og öflugust sjálfstjórn.

Sjálfstjórn er birting meiri máttar en ytri athafnir. Vagn með fjórum hestum fyrir getur runnið undan brekku, án þess að haldið sé í við hestana, en ekillinn getur líka haldið í við þá. Hvort er vitni meira máttar að láta hestana lausa eða að halda í við þá? Fallbyssukúla þýtur langa leið í loftinu og fellur síðan. Önnur stöðvast skyndilega við vegg á ferð sinni, og áreksturinn veldur geysihita. Svo er um allar athafnir, sem stafa af eigingjörnum hvötum, að þær fara í súginn. Þær koma ekki til þín aftur, en ef þú hefir stjórnað þeim, hefðu þær þroskað þig.

Sjálfstjórn getur af sér járnvilja, skapgerð, sem setur heilan heim á hreyfingu. Heimskingjarnir skilja ekki þennan leyndardóm. Þeir vilja stjórna mannkyninu. Maðurinn veit ekki, að hann getur stjórnað gervöllum heiminum, ef hann bíður. Látum hann bíða nokkur ár. Látum hann kæfa niður þessa heimskulegu valdahugsun, og þegar hún er öll á bak og burt, verður maðurinn völdugur máttur í heiminum. En vér erum fádæmafífl. Þorri manna getur ekki séð lengra en fá ár fram í tímann, alveg eins og dýrin sjá aðeins fá skref fram fyrir sig.

Aðeins þröngur hringur – það er heimur vor. Vér höfum ekki þolinmæði til þess að líta lengra, og þess vegna verðum vér siðlausir og óguðlegir. Það er veikleiki vor og linjuskapur.

En ekki ber að fyrirlíta auðvirðileg störf. Látum þann, sem ekki veit betur, vinna af eigingjörnum hvötum, fyrir frægð og frama. En menn ættu alltaf að keppa eftir göfugri hvötum og reyna að skilja, hverjar þær hvatir eru.

Krishna segir oss í Bhagavad-gíta: „Þú hefir rétt til starfsins, en ekki til ávaxta þess.“ Láttu ávextina eiga sig. Láttu árangurinn eiga sig. Hví að hirða um árangur? Hugsaðu aldrei um það, þegar þig langar til að hjálpa einhverjum, hvert hugarfar mannsins verður til þín. Reyndu ekki að skilja það. Mæddu þig ekki á íhugun um árangur, þegar þig langar til að vinna fagurt og mikið starf.

Til er annar erfiðleiki um þessa tegund vinnu. Látlaust starf er nauðsynlegt. Vér verðum að vinna viðstöðulaust. Vér getum ekki lifað drygklanga stund iðjulausir. Hvað verður um hvíldina? Það er annar þáttur lífsbaráttunnar að vera þyrland út í hringiðu mannlífsins. Hinn þátturinn er að vera rólegur, afskekktur, hafa kyrrð í kringum sig og flýja á náðir náttúrunnar. Hvorugur þeirra er alger.

Sá, sem rækir síðara þáttinn, verður borinn ofurliði, undir eins og hann sogast í hringiðu heimsins. Honum fer eins og fiskinum, sem lifir í djúpi hafsins. Hann springur, jafnskjótt og hann hefir verið dreginn upp á yfirborðið. Þungi vatnsins hafði haldið honum í jafnvægi.

Getur sá lifað í kyrrðinni, sem vanur er skarkala og glaumi lífsins? Hann þjáist og glatar sjálfum sér. Örfáir eru færir um að bera algerða einveru. Sá er fullkomnastur, sem er önnur kafinn í djúpi þagnarinnar og finnur þögn eyðimerkurinnar í önnunum. Hann hefir lært leyndardóm sjálfstjórnarinnar. Hann hefir náð valdi á sjálfum sér. Hann gengur gegnum iðandi umferð á stræti stórborgar, og hugur hans er rólegur, eins og væri hann í hellisskúta, þar sem ekkert hljóð gæti borist til hans, og hann vinnur látlaust.

Þetta er hugsjón karma-yoga, og ef þú hefir höndlað hana, þekkirðu sannarlega leyndardóm starfsins.

En vér verðum að byrja á byrjuninni, vinna þau verk, sem fyrir oss liggja, og ávinna oss daglega smám saman óeigingirni. Vér verðum að vinna verkið og grafast fyrir hvatirnar, sem bak við liggja, helga oss verkinu, og vér munum komast að raun um, að fyrstu árin eru hvatirnar undantekningarlaust eigingjarnar, en eigingirnir hverfur smátt og smátt fyrir ástundun vora, og loks kemur sú stund, að vér verðum færir um að vinna verk af sannri ósígirni.

Vér vonum allir, að sá tími komi fyrir baráttu vora á lífsleiðinni, að vér verðum alveg óeigingjarnir, og jafnskjótt og vér náum því, verður máttur vor óskiftur og þekkingin birtist, sem í oss býr.

II

„SÉRHYVER ER MIKILL Á SÍNUM STAÐ“

Sankhya-heimspekin telur náttúruna gerða af þremur eðlisþáttum, sem nefndir eru á sanskrít *sattva*, *rajas* og *tamas*.

Tamas er einkennt sem myrkur eða aðgerðaleysi, rajas sem starfsemi, þar sem hver smáögn leitast við að fjarlægjast þungamiðjuna, en *sattva* er jafnvægi og stjórn beggja. Allir eru skapaðir úr þessum þremur eðlisþáttum.

Vér verðum þess allir einhvern tíma varir, að *tamas* drottnar yfir oss. Vér verðum latir. Vér getum ekki hreyft oss. Vér erum aðgerðalausir og fjötraðir við ákveðnar hugmyndir. Annað veifið drottnar starfsemin og öðrum stundum rósöm stjórn beggja, – *sattva*. En í öllum hefir einhver þessara eðlisþátta yfirburði. Einkenni sumra er aðgerðaleysi, mók og leti. Einkenni annarra er iðjusemi, afl og viljakraftur, og í ennþá öðrum sjáum vér yndisleik, rósemi, hógværð, sem stjórna báðum hinum eðlisþáttunum. Í öllum hlutum, dýrum, jurtum og mönnum, ríkja þessir þrír ólíku eðlisþættir.

Karma-yoga verður einkum að fjalla um eðlisþætti þessa. Það hjálpar oss til að vinna verk vor betur, að vér þekkjum, hvað þeir eru, og hvernig hægt er að þroska þá.

Mannfélagið greinist í marga flokka. Vér könnumst allir við siðferði, og vér könnumst allir við skyldur, en vér vitum jafnframt, að siðalögmál eru mjög sundurleit í ýmsum löndum. Það, sem er álitíð siðgæði í þessu landi, getur verið talið rammasta siðleysi í öðru. En samt höfum vér hugboð um, að til sé algildur siðferðisgrundvöllur.

Eins er um skylduna. Skylduhugmyndir ýmissa þjóða eru ólíkar. Tvær leiðir blasa við oss, – leið fáfræðingsins, sem heldur, að vegurinn til sannleikans sé aðeins einn og allt annað séu villigötur, eða leið vitringsins, sem skilur, að skylda og siðgæði geta verið margvísleg, sökum þess, hversu mennirnir eru ólíkir andlega og aðstæðurnar, er vér eigum við að búa, sundurleitar.

Mestu máli skiftir að vita, að til er stigmunur á skyldum og siðgæði, að það, sem er skylda um eitt skeið ævinnar og í einstökum kringumstæðum, er það ekki, þegar öðruvísi er ástatt.

Dæmið hér á eftir skýrir þetta nánar. Allir miklir fræðarar hafa kennt: „Þér skuluð ekki rísa gegn meingerðamanninum.“ Það er háleitasta hugsjónin. Vér vitum allir, að mannfélagshöllin mundi hrynja að grunni, samfélagið sundrast, ef einhverjir vor á meðal reyndu að breyta eftir þessu. Spellvirkjarnir tækju eignir vorar og líf og myndu leika oss sem þá lysti. Jafnvel þó að

breytt væri aðeins daglangt eftir kenningu þessari, mundi það steypa þjóðfélaginu í gagngerða glötun.

En í helgidómi hjartans finnum vér samt sem áður ósjálfrátt sannleika þessarar kenningar: „Þér skuluð ekki rísa gegn meingerðamanninum.“ Þetta virðist oss háleitasta hugsjónin. En sá, sem flytti kenningu þessa, dæmdi þorra mannkynsins til tortímingar. Ekki aðeins það. Það mundi neyða menn til að ætla, að þeir væru alltaf að breyta illa, mundi valda samvizkubiti í öllum athöfnum þeirra. Það mundi draga úr þeim kjark, og hin látlausa sjálfsásökun mundi ala fleiri ódyggðir en nokkur annar breyzkleiki.

Hlið hnignunarinnar er þeim opið, sem hatar sjálfan sig, og eins er um þjóðirnar. Það er fyrsta skylda vor að hata ekki sjálfa oss. Vér verðum fyrst og fremst að treysta sjálfum oss og því næst guði, til þess að vér getum tekið framförum. Sá, sem treystir ekki sjálfum sér, getur aldrei treyst guði. Vér erum því neyddir til að viðurkenna, að skylda og siðgæði eru margvísleg í ólíkum kringumstæðum, að sá, sem rís gegn meingerðamanninum, fer ekki rangt að ráði sínu, heldur, að mótsþyrnan er oft og einatt skylda hans.

Margir yðar Vesturlandabúa munuð hafa undrast það í öðrum kafla Bhagavad-gita, er Krishna kallar Arjuna hræsnara og hugleysingja fyrir það, að hann neitar að berjast eða veita mótstöðu, af því að andstæðingar sínir séu vinir sínir og frændur, með þeirri afsökun, að mótstöðuleysi sé æðsta hugsjón ástarinnar.

Oss er áriðandi að vita, að andstæðurnar eru líkar. Aðhverf og fráhverf andstæða eru alltaf áþekkar. Þegar ljóssveiflurnar eru of hæggar, sjáum við þær ekki. Vér sjáum þær ekki heldur, þegar þær eru of hraðar. Eins er um hljóðið. Þegar það er mjög lágt, heyrum vér það ekki; þegar það er mjög hátt, heyrum vér það ekki.

Líkur er munur á mótstöðu og mótstöðuleysi. Sumir veita ekki mótstöðu þess vegna, að þeir eru þreklausir, latir og geta ekki veitt mótstöðu, en ekki af því, að viljann vanti. Aðrir eru þeir, sem vita, að þeir geta slegið rothögg, ef þeir vilja, en láta sér samt ekki nægja að slá ekki, heldur blessa þeir óvini sína. Þeir, sem veita ekki mótstöðu þrekleysis vegna, drýgja synd, og slíkum verður mótstöðuleysið enginn ávinningur. En hinir drýgja synd, ef þeir veita mótstöðu.

Búddha yfirgaf hásæti sitt og afsalaði sér stöðu sinni. Það var algert afsal. En ekki getur verið um afsal að ræða hjá beiningamanninum, sem ekkert á til þess að afsala sér.

Vér verðum þess vegna alltaf að vera varkárir, þegar vér tölum um mótstöðuleysi og æðri ást, og vita, við hvað vér eigum í raun og veru. Vér verðum fyrst að ganga úr skugga um, hvort vér erum gæddir mótstöðuafli eða ekki. Ef vér höfum máttinn, en veitum ekki mótstöðu, vinnum vér stórvirki. En ef vér getum ekki veitt mótstöðu og reynum jafnframt að telja oss trú um, að háleit ást stjórni störfum vorum, vinnum vér raun réttir af gagnstæðum hvötum.

Því gekkst Arjuna hugur, er hann sá öflugar fylkingar mótstöðumanna sinna. „Ást“ hans lét hann gleyma skyldum sínum við land sitt og konung. Þess vegna kallaði Krishna hann hræsnara. „Þú talar eins og vitringur, en verk þín sýna, að þú ert heigull. Rís því á fætur og legg til orustu!“

Slík er hugsjón karma-yogans. Karma-yogi er sá, sem skilur, að mótstöðuleysi er háleitasta hugsjónin, en hann veit einnig, að það er æðsta birting máttar, og að svo nefnd mótstaða gegn illu er aðeins skref í áttina til æðstu máttarbirtingar, en hún er mótstöðuleysi. Það er skylda hans að veita mótstöðu, þar til hann hefir náð æðsta takmarkinu. Látum hann starfa, látum hann berjast, látum hann lemja frá sér. Þá fyrst er hann hefir áunnið sér mótstöðumáttinn, verður mótstöðuleysið dyggð.

Aðgerðaleysi ættu menn að forðast umfram allt. Athöfn er alltaf mótstaða. Veittu öllu illu mótstöðu, andlegu og líkamlegu, og þegar þér hefir lánast það, öðlastu rósemina. Það er ósköp auðvelt að segja: „Hataðu engan, veittu engu illu mótstöðu.“ En vér vitum, hvern dilk það dregur á eftir sér. Þegar augu mannfélagsins stara á oss, getum vér látið svo, sem vér veitum ekki mótstöðu, en um leið ólgar óánægjan í hjörtum vorum. Það þjáir oss. Vér finnum, að betra mundi að veita mótstöðu.

Þótt þú óskir þér auðæfa, þorirðu ef til vill ekki að gefa þig baráttu fyrir auðæfum á vald, ef þú veizt, að allur heimurinn telur slíkan mann siðspilltan, en jafnframt eltir hugur þinn peninga nótt og dag. Þetta er hræsni, sem nær engum tilgangi. Gefðu þig heiminum á vald, og þegar þú hefir notið allra gæða hans, muntu afsala þér þeim. Þá öðlastu rósemina. Fullnægðu því óskum þínum eftir valdi og hverju öðru, sem þú girnist, og þegar þú hefir fullnægt óskunum, kemur sá tími, er þú skilur, að þetta er eftirsókn eftir vindi.

Þér er ókleift að öðlast kyrrð og rósemi, fyrr en þú hefir fullnægt þessum óskum, fyrr en þú hefir lært að fullu af starfseminni. Þetta rósemistakmark hefir verið kennt í þúsundir ára. Allir hafa heyrt um það talað frá barnæsku. En vér sjáum samt örfáa í heiminum, sem hafa náð þessu takmarki í raun og veru. Ég efast um, að ég hafi séð tuttugu menn um ævina, sem hafa verið verulega rósamir og ástundað mótstöðuleysi, og ég hefi ferðast um hálfan hnöttinn.

Hver og einn ætti að setja sér sitt eigið takmark og kosta kapps um að ná því. Það er miklu öruggara en að herma eftir takmark annarra, sem hann getur ekki gert sér neinar vonir um að ná.

Vér tókum barn, t. d., og setjum því fyrir að ganga tuttugu mílur. Annaðhvort deyr barnið eða einu af þúsundi tekst að skreiðast þessar tuttugu mílur og komast alla leið örmagnað og að fram komið.

Það er þetta, sem vér reynum venjulega að gera við heiminn. Enginn maður né kona í neinu þjóðfélagi eru eins andlega né hafa sömu hæfileika og getu til þess að skilja. Þau verða að hafa hver sitt takmark, og vér eigum engan rétt á að hæðast að neinu þeirra. Látum hvern og einn vinna eins vel og hann getur að takmarki sínu. Mig á ekki að dæma eftir yðar takmarki né yður eftir mínu. Eplatréd má ekki dæma frá sjónarmiði eikarinnar né eikina frá sjónarmiði eplatrésins. Þú verður að setja þig á sjónarhæð eplatrésins til þess að dæma það, og til þess að dæma eikina verðurðu að setja þig á hennar eigin sjónarhæð, og svo er um oss öll.

Eining í fjölbreytni er niðurröðun sköpunarinnar. Þó að einstaklingseðli manna og kvenna sé sundurleitt, stendur eining að baki. Ólíkar einstaklingsskapgerðir og flokkar manna og kvenna eru eðlilegar tilbreytingar í lögmálum sköpunarinnar. Þess vegna ættum vér ekki að dæma þau frá sama sjónarmiði né setja þeim sama takmarkið. Slíkt háttalag skapar aðeins óeðlilega baráttu, og árangurinn verður sá, að maðurinn fer að hata sjálfan sig og er varnað að verða trúrækinn og góður.

Oss ber skylda til að hvetja hvern sem er í baráttu hans, uppörva hann til þess að lifa svo, að hann nái æðsta takmarki sínu, og reyna að þoka takmarki hans eins nálægt sannleikanum og unnt er. Vér sjáum, að þessi staðreynd hefir verið viðurkennd í siðspeki Hindúa frá örófi alda, og í helgiritum og siðalærdómum þeirra eru ólíkar reglur gefnar ólíkum tegundum manna, svo sem heimilisföður, einsetumanni og nemanda.

Helgirit Hindúa kenna, að líf sérhvers einstaklings hafi ákveðnar skyldur, sem séu ólíkar skyldum allra annarra. Hvert lífsstig leggur honum ákveðnar skyldur á herðar. Ekkert lífsstig er öðru æðra. Líf þess, sem kvæntur er, er jafnmikilsvert lífi hins, er lifir ókvæntur og hefir helgað verk sín guði.

Konungurinn í hásæti sínu er jafnmikill og ágætur sem götusóparinn. Taktu hann úr hásætinu og láttu hann vinna verk götusóparans og sjáðu, hvernig honum tekst það. Settu götusóparann í hásætið og sjáðu, hvernig hann stjórnar.

Ekki tjáir að segja þann meiri, sem hefir afneitað heiminum, heldur en hinn, sem lifir honum. Það er miklu erfiðara að lifa í heiminum og þjóna guði heldur en afneita heiminum og lifa frjálssu og rósömu lífi. Húsbóndinn kvænist og gegnir borgaraskyldum sínum, en skylda þess, sem afneitar heiminum, er að helga trúnni einni krafta sína. Sá, sem afneitar heiminum til þess að þjóna guði, má ekki halda, að þeir þjóni ekki guði, sem lifa heiminum og vinna að velferð mannanna. Og þeir, sem lifa heiminum vegna konu og barna, mega ekki heldur halda, að hinir, sem afneita heiminum, séu auðvirðilegir umrenningar. Sérhver er mikill á sínum stað.

Þessa hugmynd ætla ég að skýra nánar með sögu. Konungur nokkur var vanur að spyrja alla einsetumenn, sem komu í ríki hans: „Hvort er sá meiri, sem afneitar heiminum og gerist einsetumaður, eða hinn, sem lifir heiminum og gegnir húsbóndaskyldum sínum?“ Margir vitringar reyndu að svara spurningunni. Sumir fullyrtu, að einsetumaðurinn væri meiri, en konungurinn heimtaði, að þeir skyldu sanna fullyrðing sína. Þegar þeir gátu það ekki, skipaði hann þeim að kvænast og gerast húsbændur. Aðrir komu og sögðu: „Húsbóndinn, sem gegnir skyldum sínum, er meiri.“ Konungurinn heimtaði líka sannanir af þeim. Þegar þeir gátu ekki komið með neinar sannanir, lét konungurinn þá einnig verða húsbændur.

Loks kom ungur einsetumaður og konungurinn spurði hann. Hann svaraði: „Sérhver, ó konungur, er jafnmikill öðrum á sínum stað.“ „Sannaðu mér þetta,“ svaraði konungurinn. „Ég skal sanna þér það,“ sagði einsetumaðurinn, „en þá verðurðu að koma með mér og lifa eins og ég í nokkra daga, til þess að ég geti sannað þér það, sem ég segi.“ Konungurinn játaði því og fór með einsetumanninum úr landi sínu, og þeir fóru um mörg lönd, unz þeir komu í annað konungsríki.

Í höfuðstað ríkisins stóð yfir mikil hátíð. Konungurinn og einsetumaðurinn heyrðu hávaða af bumbuslætti, hljóðfæraleik og ópum. Fólkið hafði safnast saman í beinar raðir á strætunum og mikilvægur konungsboðskapur var gerður heyrinkunnur. Konungurinn og einsetumaðurinn námu staðar til þess að sjá, hvað um væri að vera. Kallarinn kunngerði, að prinsessan, dóttir konungsins í landinu, ætlaði að kjósa sér einhvern af þeim, sem saman væru komnir, að eiginmanni.

Það var gamall siður, í Indlandi, að konungsdætur kysu sér mann á þennan hátt, og hver gerði sínar kröfur um kosti mannsefnisins. Sumar vildu fegursta manninn. Aðrar vildu aðeins þann, sem lærðastur væri. Enn aðrar vildu auðugasta manninn o. s. frv. Konungsdóttirin var borin í háseti, búin dýrasta skrudu, og kallarar kunngerðu, að hún ætlaði að kjósa sér mann.

Allir konungssynirnir úr nágrannaríkjunum bjuggust bezta búningi sínum og gengu fram fyrir hana. Stundum höfðu þeir kallara til þess að telja upp kosti sína og gera grein fyrir því, hvers vegna þeir vonuðu, að konungsdóttirin kysi þá.

Konungsdóttirin var borin um, leit á þá og hlustaði á, hvað þeir hefðu að bjóða, og ef henni geðjaðist ekki að þeim, sagði hún við burðarmennina: „Halðið áfram,“ og hryggbrotnu biðlunum var ekki frekari gaumur gefinn. Ef konungsdótturinni geðjaðist að einhverjum biðlanna, kastaði hún yfir hann blómsveigi, og hann varð maðurinn hennar.

Konungsdóttirin í ríki því, sem konungurinn og einsetumaðurinn komu til, var að halda eina þessara hátíða. Hún var fegursta konungsdóttir í heimi, og maðurinn hennar átti að stjórna ríkinu eftir dauða föður hennar. Þessi konungsdóttir vildi giftast fegursta manninum,

en hún gat ekki fundið neinn, sem henni geðjaðist að. Hátíðin hafði verið haldin nokkrum sinnum, en konungsdóttirin hafði ennþá engan valið. Þetta mót var viðhafnarmest. Fleiri sóttu það en hin mótin, og það var hið glæsilegasta.

Konungsdóttirin kemur í hásæti, og burðarmennirnir bera hana úr einum stað í annan. Hún vill engan, og allir óttast, að þetta mót endi svo, að enginn verði valinn.

Í því ber þar að ungan mann, einsetumann, fagran eins og sólin hefði stigið niður á jörðina. Hann stendur utarlega í mannþrönginni og athugar það, sem fram fer. Hásæti konungsdóttur nálgast hann, og jafnskjótt og hún kemur auga á einsetumanninn fagra, nemur hún staðar og kastar blómsveignum yfir hann.

Einsetumaðurinn ungi þrífur blómsveiginn, hendir honum og segir: „Hvað áttu við með þessari vitleysu? Ég er einsetumaður. Hvað er mér kvonfang?“

Konungur ríkisins heldur, að maðurinn sé ef til vill fátækur, þori því ekki að eiga konungsdótturina og segir þess vegna við hann: „Dóttur minni fylgir hálftrúkonungsríkið þegar í stað og allt eftir minn dag,“ og hann setur blómsveiginn aftur á einsetumanninn.

Ungi maðurinn kastar honum í annað sinn og segir: „Hvaða vitleysa er þetta? Ég vil ekki kvænast.“ Og hann flýtti sér burtu af fundinum.

Nú hafði konungsdóttirin felld svo heita ást til unga mannsins, að hún sagði: „Ég verð að giftast honum eða deyja ella.“ Og hún sneri eftir honum til þess að ná í hann.

Þá sagði hinn einsetumaðurinn við konunginn, sem með honum var: „Konungur! Við skulum fylgja þeim,“ og þeir gengu í humáttina á eftir þeim.

Einsetumaðurinn ungi, sem hafði neitað að eiga konungsdótturina, gekk nokkrar mílur út fyrir borgina, unz hann kom að skógi einum, er hann hvarf inn í. Konungsdóttirin fór á eftir honum og hinir báðir á eftir þeim.

Einsetumaðurinn ungi var gagnkunnugur í skóginum, þekkti þar alla leynistigu, og skyndilega hljóp hann inn á einn leynistiginn og hvarf, og konungsdóttirin gat ekki fundið hann. Þegar hún hafði leitað hans lengi, settist hún undir tré eitt og fór að gráta, því að hún rataði ekki aftur út úr skóginum.

Þá kom konungurinn og hinn einsetumaðurinn til hennar og sögðu: „Gráttu ekki. Við vísum þér veg út úr skóginum, en nú er ekki ratljóst. Hér er stórt tré. Vér skulum taka á oss náðir undir því, og snemma í fyrramálið skulum við vísa þér leið út héðan.“

Smáfugl einn átti hreiður uppi í trénu með konu sinni og þremur litlum ungum. Smáfuglinn leit niður, sá fólkið undir trénu og sagði við konu sína: „Góða mín! Hvað eigum við að gera? Hér eru komnir gestir í garð. Nú er vetur, og við höfum engan eld.“

Síðan flaug hann burtu, kom með brennandi viðarflís í nefinu og lét hana falla fyrir gestina, og þeir bættu á eldinn og gerðu brennandi bál.

En smáfuglinn var ekki ánægður. Hann sagði aftur við konu sína: „Góða mín! Hvað eigum við að gera? Við höfum engan mat handa gestunum. Þeir eru svangir, og við erum hér húsráðendur. Það er skylda okkar að seðja alla, sem hér ber að garði. Ég verð að gera það, sem ég get. Ég ætla að gefa þeim líkama minn.“ Síðan lét hann sig falla á mitt bálið og dó.

Gestirnir sáu hann detta og reyndu að bjarga honum, en hann smaug úr höndum þeim, steypti sér á bálið og var örendur.

Kona smáfuglsins sá aðfarir manns síns og sagði: „Hér eru þrír gestir, en aðeins einn smáfugl til matar. Það hrekkur skammt. Það er skylda mín sem eiginkonu að láta ekki fyrirhöfn bónda míns verða árangurslaus. Ég læt þá einnig hafa líkama minn.“ Og hún henti sér á eldinn og brann til bana.

Þegar ungarnir þrír sáu þetta, og að enn þá var ekki nægur matur handa gestunum, sögðu þeir: „Foreldrar vorir hafa gert það, sem þeir gátu, en það hrekkur samt ekki. Það er skylda vor að halda áfram verki foreldra vorra. Vér skulum láta líkami vora í viðbót.“ Og þeir steyptu sér líka allir á eldinn.

Gestirnir gátu ekki neytt þessara fugla, en þeir undruðust það, sem þeir sáu. Einhvern veginn björguðust þeir samt af um nóttina matarlausir, og um morguninn vísaði konungurinn og einsetumaðurinn konungsdóttur til vegar, og hún sneri aftur heim til föður síns.

Þá mælti einsetumaðurinn við konunginn: „Konungur! Þú hefir séð, að sérhver er mikill á sínum stað. Ef þig langar til að lifa heiminum, skaltu fara að eins og þessir fuglar, vera reiðubúinn hvenær sem er að fórna þér fyrir aðra. Ef þig langar til að afneita heiminum, skaltu verða eins og ungi maðurinn, sem mat að engu fegurstu konuna og konungsríki. Ef þig langar til að verða heimilisfaðir, skaltu fórna lífi þínu fyrir velferð annarra. En ef þú kýst að lifa í afneitun, skaltu aldrei líta við fegurð, fé né valdi. Sérhver er mikill á sínum stað, en skylda eins er ekki skylda annars.“

III

LEYNDARDÓMUR STARFSINS

Það er sannarlega mikilsvert að veita öðrum líkamlega hjálp með því að bæta úr líkamspörfum þeirra, en hjálpin er meiri, þegar þörfin er meiri og hjálpin fremur til frambúðar. Það er sannarlega hjálp, ef hægt er að fjarlægja stundarþarfir manns, en meiri hjálp er það, ef unnt er að fjarlægja ársþarfir hans, og mesta hjálp, sem auðið er að veita, er að fjarlægja þarfir hans að fullu og öllu.

Aðeins andleg þekking getur fjarlægt vesaldóm vorn að fullu og öllu. Öll önnur þekking bætir aðeins úr stundarpörfum vorum. Ef unnt er að breyta eðli mannsins, þá fyrst verða þarfir hans að fullu og öllu að engu.

Þörfunum verður aðeins útrýmt með andlegri þekkingu. Þess vegna er andleg hjálp mesta hjálpin, sem auðið er að veita. Sá, sem veitir andlega þekking, er mesti velgerðamaður mannkynsins, og þeir, er bætt hafa úr andlegum þörfum manna, hafa verið máttugustu mennirnir, því að það er undirstaða allra annarra verka.

Sá, sem er andlega sterkur og heilbrigður, verður sterkur í öllum öðrum greinum, ef hann vill, og líkamlegum þörfum verður jafnvel ekki fullnægt, fyrr en mannkynið hefir öðlast andlegan styrk.

Skynsemishjálp gengur næst andlegri hjálp. Þekkingargjöf er miklu dýrmætari en matargjafir og fata. Hún er jafnvel dýrmætari en lífgjöf, af því að undirstaða hins sanna lífs er þekking. Fávizka er dauði. Þekking er líf. Líf í myrkri, sem er fálmm gegnum fávizku og vesaldóm, er mjög lítilsvert.

Þessu næst er auðvitað líkamleg hjálp. Vér verðum þess vegna að forðast þann misskilning, þegar vér veitum öðrum hjálp, að líkamleg hjálp sé eina hjálpin, sem unnt sé að veita. Líkamleg hjálp er síðust og sízt, af því að hún veitir ekki varanlega fullnæging. Át sefar hungur, en hungrið kemur aftur. Sársaukanum linnir ekki, fyrr en mér er fullnægt að fullu og öllu. Hungur þjáir mig þá ekki frammar. Bágindi, sársauki og sorgir hafa engin áhrif á mig.

Þess vegna er sú hjálpin dýrmætust, sem miðar að því að styrkja oss andlega. Næst henni kemur skynsemishjálp og þar á eftir líkamleg hjálp.

Vesaldómur þessarar veraldar verður ekki læknaður með tómrri líkamlegri hjálp. Líkamlegar þarfir munu alltaf láta á sér bæra, þar til eðli mannsins breytist. Menn finna alltaf til vesaldómsins, og líkamleg hjálp megnar ekki að lækna hann, hversu mikil sem hún er. Eina

úrlausn þessa viðfangsefnis er að göfga mannkynið. Fávizkan er móðir alls þess böls og vesaldóms, sem vér höfum fyrir augum.

Látum mennina hafa ljós, veitum þeim andlegan styrk, og ef oss tekst það, ef allt mannkynið öðlast göfgi, andlegan styrk og þroska, linnir vesaldóminum í heiminum, en fyrir ekki. Vér getum gert hvert hús í landinu að mannúðarhæli. Vér getum fyllt landið sjúkrahúsum, en vesaldómurinn varir, þar til skiftir um skapgerð mannsins.

Vér lesum það aftur og aftur í Bhagavad-gita, að oss beri að vinna viðstöðulaust, en öll verk hljóta að fela í sér gott og illt. Ekki getum vér unnið svo neitt verk, að ekki sé í því eitthvað gott. Það verk er ekki til, sem ekki gerir á einhvers hluta einhvers staðar.

Öll verk verða óhjákvæmilega sambland góðs og ills. Samt er oss sagt, að vinna viðstöðulaust. Gott og illt ber hvort tveggja sína ávöxtu, skapar sitt karma. Góð verk bera oss góða ávöxtu, vond verk vonda ávöxtu, en gott og illt er hvort tveggja fjötur á sálina.

Oss er veitt sú lausn í Bhagavad-gita, að verkið hafi engar afleiðingar fyrir oss, ef vér gerum oss því óháða. Vér skulum reyna að gera oss grein fyrir, hvað við er átt með því að vera óháður verkinu.

Sú er ein aðalhugsunin í Bhagavad-gita: Starfaðu látlaust, en vertu ekki starfinu háður. „Samskára“ er nálega hægt að þýða með tilhneingingu.

Vér getum líkt huganum við vatn. Enginn gári, engin bára, sem þar rís, verður að engu, þótt hún hjaðni, heldur skilur hún eftir sig spor, möguleika þess, að hún komi aftur síðar meir. Sporið og möguleikarnir fyrir endurkomu bárunnar er nefnt samskára.

Sérhvert verk, sem vér vinnum, sérhver hreyfing líkamans, sérhver hugsun hugans, skilja eftir slík áhrif í hugefninu, og þau eru nægilega sterk til þess að starfa undir yfirborðinu, í dulvitundinni, jafnvel þótt þeirra gæti ekki á yfirborðinu.

Samsafn þessara áhrifa á hugann ræður, hvað vér erum, í andrá hverri. Það, sem ég er á þessu augnabliki, er afleiðing af samsafni þessara spora úr fyrra lífi mínu. Við þetta er í raun og veru átt með skapgerð. Samsafn þessara áhrifa ákveður skapgerð hvers og eins.

Ef góð áhrif eru meiri, verður skapgerðin góð, ef ill, verður skapgerðin ill. Ef einhver heyrir sífellt ljótan munnsöfnuð, hugsar ljótar hugsanir, vinnur ill verk, fylla þessi áhrif eða spor hug hans, og þau hljóta að stjórna hneigðum athafna hans, þótt hann viti ekki.

Áhrif þessi eru í raun og veru alltaf að starfi, og verk mannsins verða vond. Slíkur maður verður vondur. Hann getur ekki hjá því komist. Samsafn þessara áhrifa skapar sterkar hvatir

til spellvirkja. Maðurinn verður verkfæri í höndum áhrifanna og þau knýja hann til illra athafna.

Ef maðurinn hugsar hins vegar góðar hugsanir og gerir það, sem gott er, verður samsafn áhrifanna gott, og þau munu knýja hann að sama skapi til góðra verka, hvort sem honum er ljúft eða leitt. Þegar maðurinn hefir unnið svo mörg góðverk og hugsað svo margar góðar hugsanir, að sú hneigð er orðin drottandi í eðli hans að gera gott, hvort sem honum er ljúft eða leitt, leyfir hugur hans, sem er samsafn þessara hneigða, honum ekki að breyta illa, jafnvel þótt hann ætli sér það. Hneigðirnar hindra hann. Hann er á valdi þeirra. Þegar svo er komið, segjum vér, að skapgerð mannsins sé orðin staðföst.

Skapgerð þess, sem náð hefir valdi á sjálfum sér og líffærum sínum, er eins farið og skjaldbökkunni, er dregur höfuð og fætur inn í skelina. Þú getur dregið hana og mulið sundur. Hún teygir sig samt ekki út undan skelinni.

Hneigðin til þess, sem gott er, verður máttug fyrir þetta óþrotlega endurskin góðra hugsana og áhrifa, er stöðugt speglast á haffleti hugans, og árangurinn verður sá, að vér náum valdi á „indriyas“ (skyn- og hreyfifærum líkamans). Þá fyrst verður skapgerðin staðföst. Þá fyrst öðlastu sannleikann.

Slíkur maður er frelsaður fyrir fullt og allt. Hann getur ekki gert neitt illt. Þér er óhætt að senda hann hvert á land sem er. Þér er óhætt að setja hann í hvern félagsskap sem vera skal. Honum stafar engin hættu af því.

Til er æðra ástand en gáfur góðra tilhneiginga. Óskinn um lausn. Minnstu þess, að takmark alls yoga er frelsi sálarinnar, og leiðir hvert um sig að sama árangri. Menn geta náð þangað með starfi, sem Búddha komst með íhugun og Kristur með bæn. Búddha var gnana- og Kristur bhakti-yogi, en báðir náðu sama takmarkinu.

Hér vandast málið. Lausn táknar algert frelsi, – frelsi úr fjötrum góðs, eigi síður en ills. Gullfjötrar eru engu síður fjötrar en járnfjötrar. Það er flís í fingri mínum, og ég dreg hana út með annarri flís, og þegar ég hefi náð henni, kasta ég báðum. Mér er gagnslaust að geyma síðari flísina, því að báðar eru í raun og veru flísar.

Með þessum hætti á að uppræta illar hneigðir með góðum, og vondan vana á að sigra með nýrri öldu góðs vana, unz vondi vaninn hverfur eða er undirokaður og haldið í skefjum í afkimum hugans.

En því næst á að sigra góðu tilhneiginguna. Hinn háði á að verða óháður. Starfaðu, en láttu ekki starfið eða hugsunina hafa sterk áhrif á hugann. Láttu bárunar rísa á haffleti hugans.

Láttu vöðva og heila vinna stórvirki, en láttu þá ekki hafa sterk áhrif á hugann. Hvernig má þetta verða? Vér sjáum, að öll störf, sem vér verðum háðir, skilja eftir varanleg áhrif.

Ég mæti hundruðum manna á einum degi, en ég mæti einum, sem ég elska, og þegar ég er lagstur til hvíldar að kveldi, reyni ég að rifja upp fyrir mér öll andlitin, en man einungis eftir því andliti, er ég elska og sá aðeins í svip. Öll hin hafa gleymst. Ást mín á manninum fékk meira á hug minn en öll hin andlitin. Áhrifin voru öll eins í líffræðilegum skilningi.

Öll andlitin, sem fyrir mig bar, vörpuðu mynd sinni á nethimnuna, og heilinn tók á móti myndinni, en áhrifin á hugann voru samt sem áður ólík. En þessi sérstaki maður, sem ég sá ef til vill aðeins bregða fyrir, hafði meiri áhrif á mig en hin andlitin, af því að þau voru ekki tengd við neitt í hug mér. Flest af þeim voru mér ef til vill gersamlega ókunn, andlit, sem ég hafði aldrei áður hugsað um, en þetta eina andlit, sem ég sá aðeins bregða fyrir, átti sérstök ítök í hug mér.

Ég hafði séð manninn ef til vill fyrir mér árum saman, vissi margt um hann, og þetta eina atvik átti hundruð skildra atvika í hug mér, og þau vöknudu öll. Áhrif þau, sem andlitið hafði á hugskotssjónir mínar, voru margfalt meiri en áhrif allra hinna, og þegar svo er ástatt, markast jafnskjótt djúp spor í hugann.

Vertu þess vegna óháður. Láttu hlutina vinna. Láttu heilann starfa, starfa látlaust, en láttu ekki starfið stjórna huganum. Starfaðu eins og ríki þitt væri ekki af þessum heimi, eins og þú værir aðkomumaður. Starfaðu látlaust, en fjötraðu ekki sjálfan þig. Fjötrar eru ægilegir. Þessi veröld er ekki heimkynni vort. Hún er aðeins áfangastaður á leið vorri, einn af mörgum.

Minnstu þessa spakmælis Sankhya-heimspekinnar: „Gervöll náttúran er til vegna sálarinnar, en sálin ekki vegna náttúrunnar.“ Sanna ástæðan fyrir tilveru náttúrunnar er þroski sálarinnar. Hún hefir engan annan tilgang. Hún er vegna þess, að sálin þarfnast þekkingar, og þekkingin gerir hana frjálsa. Vér verðum aldrei háðir náttúrunni, ef vér höfum þetta hugfast.

Oss ber að vita, að náttúran er bók, sem vér eigum að lesa, og þegar vér höfum fengið allan þann fróðleik, sem þar er, hefir hún ekki lengur verðmæti fyrir oss. Í stað þessa teljum vér oss og náttúruna samt sem áður eitt. Vér hyggjum, að sálin sé til vegna náttúrunnar, alveg eins og segir í talshættinum, að þessi „lifi til þess að eta“ og hinn „eti til þess að lifa“. Vér förum þarna stöðugt villir vega. Vér hyggjum náttúruna vera sjálfa oss og verðum henni háðir, og jafnskjótt og vér verðum háðir, meitlast djúp spor í sálin, sem fjötra oss og láta oss starfa eins og þræla.

Það er meginkjarni þessarar kenningar, að þú starfir eins og meistari, en ekki eins og þræll. Starfaðu látlaust, en starfaðu ekki eins og þræll. Sérðu ekki, hvernig allir starfa? Engum hlotnast hvíld. Níutíu og níu hundraðshlutar mannkynsins starfa eins og þrælar, og afleiðingin er eynd. Þetta er eigingjarnt starf.

Starfaðu frjáls! Starfaðu af ást! Hugtakið ást er ekki auðskilið. Ást á sér aldrei stað, fyrr en frelsið er fengið. Þrællinn á enga ást. Ef þú kaupir þræl, setur hann í viðjar og lætur hann vinna fyrir þig, erfiðar hann baki brotnu. En þar er ekki um ást að ræða. Svo vinnum vér eins og þrælar í þágu heimsins. Vér vinnum ekki af ást, og verk vor eru ósönn.

Eins er um störf vor í þágu ættingja og vina og jafnvel í þágu sjálfra vor. Hugsum oss, að maður elski konu. Hann vill hafa hana hjá sér og sárþjáist sí og æ af afbrýðisemi. Hann heimtar, að hún sitji hjá sér og standi hjá sér, eti og hagi sér eftir sínum bendingum. Hann er þræll hennar. Þetta er ekki ást. Það er sjúklegt þrælseðli, sem hylur sig undir yfirskinu ástar. Ást getur það ekki verið, af því að það hefir þjáningar í för með sér. Ef konan gerir það ekki, sem maðurinn vill, veldur það sársauka.

Ást getur aldrei af sér sársauka. Ást leiðir aðeins af sér alsælu. Ef ekki, er það ekki ást. Þetta er ekki ást, þótt vér köllum það svo. Þegar þér tekst að elska svo manninn þinn, konuna þína, börnin þín, veröldina, alheiminn, að það hafi ekki þjáningu í för með sér, afbrýðisemi né neinar eigingjarnar tilfinningar, þá ertu fær um að vera óháður.

Krishna segir: „Líttu til mín, Arjuna! Gervallur alheimurinn líður undir lok, ef ég hætti að starfa eitt einasta augnablik. En samt hefi ég engra launa að vænta frá alheiminum. Ég er drottinn. Ég hefi engra launa að vænta frá alheiminum. En hví vinn ég? Af því að ég elska heiminn.“

Guð er óháður, af því að hann elskar. Sönn ást gerir oss óháða. Þér ber að vita, að það er líkamlegt, að maðurinn er háður, heldur dauðahaldi í hlutina, eins konar líkamlegur samdráttur milli efnishluta, eitthvað, sem dregur tvo líkami stöðugt hvorn nær öðrum og veldur sársauka, þegar þeir geta ekki nálgast lengur hvor annan. En sönn ást er óháð líkamlegum samdrætti. Líkaminn getur verið þúsundir mílna burtu. Ástin er söm og jöfn. Hún deyr ekki. Hún hefir aldrei þjáningar í för með sér.

Það er því nær lífsstarf að verða óháður. En jafnskjótt og oss hefir tekist það, höfum vér náð takmarkinu og verðum frjálsir. Fjötrar náttúrunnar breyta af oss, og vér sjáum hana eins og hún er. Hún fjötrar oss ekki framar. Vér erum fullkomlega frjálsir og látum oss engu skifta árangur starfsins.

Hví skyldum vér bera áhyggju fyrir árangrinum, góðum eða illum? Sá lætur sig engu skifta árangurinn, sem starfar frjáls. Krefstu nokkurs endurgjalds af börnum þínum fyrir það, sem þú hefir veitt þeim? Það er skylda þín að vinna fyrir þeim, og síðan ekki söguna meir.

Gerðu það, sem þú getur, fyrir einstaklinga, borgir og ríki, en stattu eins gagnvart því og börnum þínum, – vænstu einskis. Ef þú getur alltaf tekist á hendur hlutverk gjafarans, skoðað

gjafir þínar frjálsa fórn til heimsins án nokkurrar hugsunar um endurgjald, vinnurðu verk, sem binda þig ekki. Fjötrrar stafa aðeins af því, að vér æskjum einhvers.

Hugmyndin um fullkomna sjálfsfórn er skýrð í þessari sögu. Eftir orustuna við Kurukshetra héldu Pându-bræðurnir fimm mikla fórnarhátíð og gáfu fátækum stórgjafir. Fólkið dáðist allt að því, hversu fórnarhátíðin væri mikil og ríkmannleg og sagði, að slík fórnarhátíð hefði aldrei verið haldin í heiminum fyrr.

En eftir hátíðina bar þar að dálítinn mongúa. Hann var gylltur á annarri hliðinni, en brúnn á hinn, og hann tók að velta sér á fórnargólfi hallarinnar. Síðan sagði hann til þeirra, sem við voru staddir: „Þér eruð allir lygarar. Þetta er ekki fórn.“

„Hvað er þetta?“ hrópuðu þeir. „Þú segir, að þetta sé ekki fórn! Veiztu ekki, að peningum og gimsteinum var hellt yfir fátæklingana og að allir urðu auðugir og ánægðir. Þetta er dásamlegasta fórnin, sem nokkur hefir hingað til fært.“

En mongúinn svaraði: „Einu sinni bjó fátækur brahmíni í þorpi nokkru með konu sinni, syni og tengdadóttur. Þau voru mjög fátæk og lifðu á ölmusu, sem þau fengu fyrir predikanir og fræðslu.

Hallæri varð í landinu í þrjú ár, og brahmíninn leið nú meiri skort en nokkru sinni áður. Loks hafði fjölskyldan soltið fimm daga, en á fimmta degi kom brahmíninn heim með dálítið af byggmjöli, sem hann hafði verið svo heppinn að finna, og hann skifti því í fjóra skammta, sinn handa hverjum. Þau matbjuggu þetta, en í því að þau ætluðu að fara að neyta þess, var barið að dyrum. Brahmíninn opnaði, og úti var gestur.

Í Indlandi er gesturinn heilagur. Hann er guð, á meðan hann er gestur, og þannig verður að þjóna honum. Brahmíninn fátæki sagði því: „Gakk inn, herra! Þú ert velkominn.“

Hann setti fyrir gestinn sinn skerf af matnum, og gesturinn át hann á svipstundu og sagði: „Æ, herra! Þú hefir drepíð mig. Ég hefi soltið í tíu daga, og þessi biti hefir aðeins ært upp í mér sult.“

Þá sagði konan við mann sinn: „Gefðu honum minn skammt.“ En húsbóndinn svaraði: „Það geri ég ekki.“

Konan sat við sinn keip og sagði: „Hér er fátæklingur, og það er skylda okkar sem húsráðenda að seðja hann, og það er húsfreyjuskylda mín að gefa honum minn skerf, þegar ég sé, að þú getur ekki gefið honum meira.“

Síðan gaf hún gestinum skammtinn, og hann lauk honum og kvaðst enn þjást af hungri. Þá sagði sonurinn: „Taktu minn skerf líka. Það er skylda sonarins að hjálpa föður sínum til að

standa við skuldbindingar sínar.“ Gesturinn át skammtinn, en varð ekki saddur að heldur. Þá gaf tengdadóttirin honum sinn skerf í viðbót. Þetta nægði. Gesturinn lagði blessun sína yfir þau og fór.

Sömu nótt dóu þau fjögur úr hungri. Niður á gólfu höfðu sáldast ofurlitlar mjöldrefjar, og þegar ég velti mér upp úr þeim, varð ég gylltur öðrum megin, eins og þér getið séð. Síðan hefi ég farið um allan heiminn í þeirri von, að ég fyndi aðra fórn á borð við þessa. En ég hefi enga fundið. Hvergi annars staðar hefir hin hliðin á mér getað orðið gyllt. Þess vegna segi ég, að þetta sé ekki fórn.“

IV

HVAÐ ER SKYLDA?

Áriðandi er að vita, hvað starfið er, en við það hlýtur að vakna með oss þessi spurning: „Hvað er skylda?“ Ef ég á að gera eitthvað, verð ég fyrst að þekkja skyldu mína, og síðan get ég unnið verkið.

Skylduhugmyndir ýmissa þjóða eru hins vegar mjög ólíkar. Múhamedstrúarmenn segja það skyldu sína, sem skrifað stendur í Kóraninum. Hindúar segja það skyldu sína, sem stendur í þeirra bókum, Vedabókunum, og kristnir menn segja það skyldu sína, sem í Biblíunni stendur.

Vér sjáum því, að til eru ýmsar hugmyndir um skyldu, ólíkar eftir lífshögum manna, aldarhætti og þjóðerni. Hugtakið „skylda“ verður ekki skýrt fremur en önnur sérstæð allsherjarhugtök. Vér getum aðeins fengið hugmynd um hana með því að lýsa aðstæðunum og þekkja áhrif hennar og ávöxtu.

Algild skilgreining á skyldu er gersamlega óhugsanleg. Algild skylda er engin til. En sérhver einstaklingur hefir sínar skyldur. Hvert það starf, sem þokar oss í áttina til guðs, er gott og er skylda vor. Hvert það starf, sem dregur oss niður á við, er vont.

Til er aðeins ein skylduhugmynd, sem er sameiginleg gervöllu mannkyni á öllum tímum, öllum trúarbragðadeildum og öllum löndum, og hún hefir verið saman dregin í þetta sanskrítarspákmæli: „Gerðu engri skepnu mein. Það er dyggð að gera engri skepnu mein. Það er ódyggð að gera nokkurri skepnu mein.“

Það ættum vér að hafa hugfast, að oss ber ávallt að reyna að sjá skyldur annarra með þeirra augum og dæma aldrei síðu mannflokka og þjóða frá eigin sjónarmiði voru.

Þessa lexíu ríður á að læra: „Ég er ekki sjónarmið alheimsins. Mitt er að haga mér eftir heiminum, en ekki heimsins að haga sér eftir mér.“

Vér sjáum þess vegna, að þetta sjónarmið breytir skyldum vorum, og það gerum vér bezt í heimi þessum að rækja vel þær skyldur, sem á oss hvíla á líðandi stund. Látum oss rækja þær skyldur, sem á oss hvíla við fæðingu, og þegar því er lokið, skulum vér rækja skyldur þær, sem aðstæður vorar leggja oss á herðar. Allir eru settir í einhverjar aðstæður í lífinu og verða fyrst og fremst að rækja skyldur þær, sem þessar aðstæður hafa í för með sér.

Sá er hinn mikli eðlisgalli mannsins, að hann rannsakar aldrei sjálfan sig. Hann hyggur sig jafn færan konunginum til þess að stjórna. Jafnvel þótt hann sé það, verður hann fyrst að sýna,

að hann hafi rækt eigin skyldur sínar, og þegar hann hefir rækt þær, munu honum bjóðast æðri skyldur.

Síðar meir munum vér komast að raun um, að jafnvel skylduhugmyndin hlýtur að breytast, og að það starf er ágætast, sem sízt er knúð fram af ytri hvötum. Samt sem áður eru það skylduverkin, sem fá oss til að vinna svo verk vor, að vér hugsum ekki um skyldu. Þá verður starfið guðsþjónusta, – nei, æðra, starfið verður aðeins til starfsins vegna. En það er hugsjónin, og leiðin liggur um land skyldunnar.

Vér munum komast að raun um, að heimspekin, sem felst bak við allar skyldur, annaðhvort í mynd siðferðis eða ástar, er sú hin sama og í öllum öðrum greinum yoga, – að bæla niður hinn lægra mann, svo að hinn sanni maður nái að ljóma, að koma í veg fyrir, að kraftinum verði á glæ kastað á lægri tilverustigum, til þess að sálin geti birzt á æðri tilverustigum. Þessu verður náð fyrir látlausu afneitun lægri óska, afneitun, sem skyldan heimtar skilyrðislaust.

Öll þjóðfélagsskipun hefir þroskast á þennan hátt, vitandi eða óvitandi, af því að hún hefir verið starfsvöllur, tilraunareitur, þar sem vér höfum rutt leið að takmarkalausum vexti hins sanna manneðlis með því að takmarka eigingjarnar óskir.

Skyldan er sjaldan sæla. Sæla er hún aðeins, þegar andvari ástarinnar gefur henni byr undir báða vængi. Annars er hvíldarlaus barningur. Hverjir eru þeir foreldrar, sem eru færir um að rækja skyldur sínar við börn sín? Hver börn við foreldra sína? Hver eiginmaður við konu sína? Hver kona við mann sinn? Mætum vér því ekki daglega í lífi voru, sem veldur baráttu? Skyldan er því aðeins sæla, að hún sé rækt af ást.

Ást ljómar einungis í frelsi. En er það frelsi að vera holdsins þræll, reiðinnar, afbrýðinnar og margra annarra smámuna, sem sóa hverjum degi mannlífsins? Það er æðsta birting frelsis að umbera allan þann ruddaskap, sem mætir oss í lífinu. Konum þeim, sem eru ambáttir bráðlyndis síns og afbrýði, hættir við að skella skuldinni á menn sína og fullyrða, að þær séu frjálsar, að því er þær halda. Þær vita ekki, að með þessu sanna þær aðeins, að þær eru ambáttir. Eins fer mannum, sem er stöðugt að leita að göllum hjá konu sinni.

Hreinlífi er sú dyggð, sem maður og kona verða fyrst og fremst að hafa til að bera. Sá maður er sannarlega sjaldhittur, sem blíðlynd, ástúðleg og hreinlíf kona getur ekki komið á rétta leið, hversu langt sem hann hefir farið villur vegar. Svo spilltur er heimurinn ekki.

Vér heyrum hvarvetna talað um dýrslega eiginmenn og óhreinlífi karlanna. En vafalaust eru dýrslegar og óhreinlífur konur eins margar. Ég er sannfærður um, að óhreinlífur karlmaður mundi ekki verða til í heiminum, ef allar konur væru eins góðar og hreinlífur, eins

og þær vilja sífellt telja mönnum trú um. Af hverjum gætu karlmennirnir saurgast? Hver er sá ruddaskapur, sem hreinlífi og skírlífi geta ekki sigrast á?

Góð, skírlíf kona, sem hugsar um alla karlmenn, aðra en manninn sinn, eins og börn sín og elur móðurtilfinningu til allra, verður svo máttug að hreinleika, að enginn er svo ruddalegur, að hann finni ekki til heilagrar lotningar í návist hennar. Á sama hátt á sérhver eiginmaður að líta á allar konur, aðrar en sína, eins og móður sína og breyta alltaf við þær sem móður.

Staða móðurinnar er æðsta staða í heimi, af því að í henni einni er hægt að læra að iðka mesta óeigingirni. Ástin á guði er ein æðri móðurástinni. Allar aðrar eru óæðri. Það er skylda móðurinnar að hugsa fyrst um börn sín og síðan um sjálfa sig. En ef foreldrarnir hugsa alltaf fyrst um sjálfa sig í stað barnanna, verður frændsemin milli foreldra og barna eins og milli fuglanna og afkvæma þeirra. Þeir kannast ekki við foreldra sína, þegar þeir eru flognir úr hreiðrinu.

Sannarlega sæll er sá maður, sem getur litið á konuna eins og ímynd móðureðlis guðs. Sannarlega sæl er sú kona, sem maðurinn er ímynd föðureðlis guðs. Sæl eru þau börn, sem líta á foreldra sína eins og opinberun guðs á jörðinni.

Eina leiðin til þess að vaxa andlega er að rækja þær skyldur, sem á oss hvíla nú og efla sjálfa oss og göfga, unz vér náum hæsta tindinum. Enginn skyldi gera lítið úr skyldunni. Sá, sem vinnur hversdagsstörf, er ekki fyrir það óæðri þeim, sem vinnur virðulegri störf.

Engan skyldi meta eftir verkefni hans, heldur eftir því, hvernig hann leysir það af hendi. Það er mælikvarði á manninn, hvernig hann vinnur verk sín og hversu hæfur hann er til þess að leysa þau af hendi. Skósmiður, sem getur smíðað sterka og vandaða skó á skömmum tíma, er meiri maður að sínu leyti en prófessorsómynd, sem þvaðrar lokleysu alla daga ævinnar.

Ungur einsetumaður nokkur hvarf til skógar og ástundaði þar íhugun og bænagerð og iðkaði yoga langar stundir. Eftir tólf ára önn og aga bar eitt sinn svo við, er hann sat undir tré nokkru, að þurr laufblöð féllu í höfuð honum. Hann leit upp og sá kráku og trönu berjast í trjátoppinum. Þær gerðu honum gramt í geði. Hann sagði: „Hvað gengur á? Dirfist þið að kasta þurru lafi í höfuð mér?“ Og um leið og hann hvessti augun á þær í reiði sinni, sté eldslogi upp af höfði honum – yoga-krafturinn – og brenndi fuglana til ösku. Hann varð himinglaður. Hann réð sér varla af gleði yfir máttarproska sínum. Hann gat brennt krákuna og trönuna í einu vetfangi.

Litlu síðar varð hann að fara til borgarinnar til þess að biðja sér brauðs. Hann kom að dyrum einum, nam þar staðar og sagði: „Móðir! Gef mér mat.“ Rödd kvað við innan úr húsinu: „Bíddu stundarkorn, sonur minn!“ Ungi maðurinn hugsaði: „Þú spillta kona! Dirfistu að láta mig bíða? Þú veizt ekki af mætti mínum.“

Meðan hann var að hugsa þetta, kvað röddin við aftur: „Hugsaðu ekki of mikið um sjálfan þig, drengur! Hér er hvorki kráka né trana.“ Hann varð steinhissa. En hann varð að bíða. Loks kom konan, og hann féll henni til fóta og sagði: „Móðir! Hvernig vissirðu þetta?“

Hún svaraði: „Ég þekki ekki yoga þitt né iðkanir þínar, drengur minn! Ég er rétt og slétt almúgakona. Ég lét þig bíða, af því að bóndi minn er veikur, og ég varð að hjúkra honum. Það var skylda mín. Alla mína ævi hefi ég kappkostað að gera skyldu mína. Ég rækti dótturskyldu mína, þegar ég var ógift, og nú, þegar ég er gift, ræki ég enn skyldu mína.“

Þetta er allt það yoga, sem ég hefi iðkað, og fyrir skyldurækni mína hafa augu mín upp lokist. Þess vegna gat ég lesið hugsanir þínar og vissi, hvað þú hafðir gert í skóginum. En ef þú vilt vita eitthvað þessu meira, skaltu fara til borgar nokkurar, ganga þar til torgs, og þar muntu hitta slátrara, og hann mun segja þér sitt af hverju, sem mun gleðja þig.“

Einsetumaðurinn hugsaði: „Hví að fara til borgar þessarar og hitta slátrara?“ (Slátrarar eru minnstir að mannvirðingum í landi voru. Þeir eru nefndir chandálas. Þeir eru ekki snertir, af því að þeir eru slátrarar. Þeir gegna álíka skyldum og götusóparar og því um líkir.)

En eftir litla stund sá hann sig um hönd og lagði af stað. Þegar hann kom til borgarinnar, fann hann torgið og sá þar á lengdar stóran og feitan slátrara, sem drap dýr á báðar hendur með stóreflis sveðju og átti kaup við hina og þessa. Ungi einsetumaðurinn hugsaði: „Guð minn góður hjálpi mér! Er þetta maðurinn, sem ég á að fræðast af? Hann er holdi klæddur djöffull, ef ekki annað verra.“

Um leið leit maðurinn upp og sagði: „Swâmi! Sendi konan þig hingað? Seztu, þangað til ég hefi lokið verki mínu.“ Einsetumaðurinn hugsaði: „Hvað bíður mín nú?“ En hann settist, og slátrarinn hélt áfram, og þegar hann hafði lokið öllum viðskiftum sínum, tók hann peninga sína og sagði við einsetumanninn: „Komdu, herra! Komdu heim með mér.“

Því næst snéru þeir heim, og slátrarinn vísaði honum til sætis og sagði: „Bíddu þarna.“ Síðan gekk hann inn til foreldra sinna. Hann þó þeim, mataði þau og gerði allt, sem hann gat til þess að þóknast þeim.

Síðan kom hann, settist frammi fyrir einsetumanninum og sagði: „Jæja, herra! Þú ert kominn til þess að sjá mig. Hvað get ég gert fyrir þig?“

Einsetumaðurinn mikli spurði hann þá nokkurra spurninga um sálina og guð, og slátrarinn veitti honum fræðslu, sem er víðfræg bók í Indlandi, *Vyâdha-gita*, og er skráð í *Mâhâbharata*, hinum miklu söguljóðum Indverja.

„Þessi kafli er eitthvert hæsta flug í Vedabókunum, hæsta flug háspekinga. Þú hefir heyrt sagt frá Bhagavad-gita, ræðu Krishna. Þegar þú hefir lesið hana, ættirðu að lesa Vyâdha-gita. Hún er ágrip af *Vedanta*-heimspeki.“ Þegar slátrarin hafði lokið máli sínu, undraðist einsetumaðurinn. Og hann sagði: „Hví ert þú í þessum líkama með þvílíka þekkingu? Hví ert þú í slátrarálíkama og vinnur jafnógeðslegt og andstyggilegt verk?“

„Sonur minn!“ svaraði slátrarin. „Engin skylda er andstyggileg, og engin skylda er óhrein. Ég er borinn í þessar kringumstæður og á þennan stað. Þetta verk lærði ég í æsku minni. Ég er óháður og reyni að rækja vel skyldu mína. Ég reyni að rækja húsbóndaskyldu mína, og ég reyni að gera allt, sem ég get til þess, að foreldrum mínum líði vel. Ég þekki hvorki yoga þitt né hefi gerst einsetumaður. Ég hefi aldrei umflúið heiminn né horfið til skógar, en allt þetta hefi ég öðlast með því að rækja skyldur mínar í minni stöðu.“

Í Indlandi er spekingur einn, mikill yogi, einhver dásamlegasti maður, sem ég hefi séð um ævina. Hann er einkennilegur maður. Hann vill engum kenna. Þótt þú spyrjir hann, svarar hann ekki. Hann er of lítillátur til þess að gerast kennari. Hann gerir það ekki. Ef þú spyrð hann og bíður nokkra daga, lætur hann svarið koma fram í samræðu og varpar þá yfir það dásamlegu ljósi. Hann fræddi mig eitt sinn um leyndardóm starfsins, og hann mælti svo:

„Láttu eitt yfir verkið og verkfærið ganga, og það er leyndardómur starfsins.“ Þegar þú vinnur verk, skaltu ekki hugsa um neitt annað. Vinn það eins og guðsdýrkun, eins og æðstu guðsdýrkun, og helgaðu því allt líf þitt, meðan á því stendur. Slátrarin og konan, sem sagan segir frá, gegndu skyldu sinni með trúmennsku, alúð og glöðu geði, og þess vegna upplukust augu þeirra. Þetta sýnir skýlaust, að þeir ná æðstu fullkonnun, sem rækja skyldur sínar eins og vera ber og vinna óháðir.

VÉR HJÁLPUM SJÁLFUM OSS, HEIMINUM EIGI

Skylda vor við aðra felst í því að hjálpa þeim, gera heiminum gagn. Hví skyldum vér gera heiminum gagn? Að því er virðist til þess að hjálpa honum, en í raun og veru til þess að hjálpa sjálfum oss. Vér ættum alltaf að reyna að hjálpa heiminum. Það ætti að vera æðsta starfshvöt vor.

En ef vér rekjum þetta til rótar, munum vér komast að raun um, að þessi heimur þarfnast ekki hjálpar vorrar. Heimurinn var ekki til þess skapaður, að ég eða þú kæmi honum til hjálpar.

Ég las einu sinni ræðu, sem þetta stóð í: „Allur þessi fagri heimur er sannarlega ágætur, af því að hann veitir oss tíma og tækifæri til þess að hjálpa öðrum.“ Þetta var einstaklega fögur skoðun, að því er virtist, en í öðrum skilningi var það formæling. Því að er það ekki guðlast að segja, að heimurinn þarfnist hjálpar vorrar?

Vér getum ekki neitað því, að eymdin í heiminum er mikil. Það er þess vegna æðsta hvötin, sem vér eigum vól á, að fara og hjálpa öðrum, þótt vér komumst með tíð og tíma að raun um, að vér hjálpum aðeins sjálfum oss.

Þegar ég var drengur, átti ég nokkrar hvítar mýs. Þær voru geymdar í litlu búi, og smáhjól voru sett fyrir framan þær í búið. Þegar mýsnað reyndu að komast yfir hjólin, snerust þau og snerust, og mýsnað komust aldrei neitt. Svo er um heiminn og hjálp vora. Það er eina hjálpin, að þú þroskar sjálfan þig.

Heimurinn er hvorki góður né illur. Allir skapa sinn eigin heim. Blindum manni er hann annaðhvort mjúkur eða harður, kaldur eða heitur. Vér erum sambland af farsæld og vesaldómi. Vér höfum iðulega verið vitni að því um ævina. Venjulega er unglingurinn bjartsýnn og öldungurinn bölsýnn. Unglingurinn á alla ævina fram undan sér, en öldungurinn harmar horfið líf. Ótal óskir, sem hann fær ekki fullnægt, brjótast um í honum. Lífið er honum liðið. Báðir eru flón. Lífið er hvorki súrt né sætt. Heimurinn er eins og hugurinn skoðar hann.

Vitur maður myndi hvorki segja hann góðan né illan. Eldurinn er í sjálfu sér hvorki góður né illur. Þegar hann vermir oss, segjum vér: „Indæll er eldurinn!“ Brenni hann oss í fingurna, bölvum vér honum. Þó var hann hvorki góður né illur. Hann vekur góðar eða illar tilfinningar, eftir því sem með hann er farið, og svo er um heiminn. Hann er fullkominn. Með fullkomnun er átt við, að hann sé fyllilega fær um að ná tilgangi sínum. Vér getum áreiðanlega allir verið sannfærðir um, að heimurinn varir og þarfnast ekki neinnar hjálpar af oss.

Samt sem áður verðum vér að gera góðverk. Það er æðsta hvataflið, sem vér eigum yfir að ráða, og vér skyldum alltaf hafa það hugfast, að það eru hlunnindi að hjálpa. Þú skalt ekki setja þig upp á háan hest, taka fimmeyring upp úr vasa þínum og segja: „Hérna, veslings fátæklingur!“ En þakkaðu fyrir, að fátæklingurinn er þarna, svo að þú eigir kost á að hjálpa sjálfum þér með því að gefa honum.

Þiggjandanum fellur ekkert happ í skaut, heldur gefandanum. Vertu þakklátur fyrir, að þér er leyft að þroska velvild þína og meðaumkun í heiminum og verða þannig hreinn og fullkominn. Öll góðverk miða að því að hreinsa oss og fullkomna. Hvað getum vér bezt gert? Reist sjúkrahús, lagt vegi eða komið upp fátækrahælum? Vér getum komið á fót skipulegri líknarstarfsemi og safnað til þess tveim milljónum dala, reist sjúkrahús fyrir eina milljón, haldið danzleika og drukkið kampavín fyrir aðra, látið starfsmennina stela helmingnum af þriðju milljóninni, og afganginum má loks verja til fátækra. En hvað er þetta? Fimm mínútna fellibylur getur rifið þetta allt upp með rötum. Hvað eigum vér þá að gera? Eldgos getur sópað burtu öllum vegunum og sjúkraskýlunum og borgunum og húsbáknunum.

Hættum þessu heimskuhjali um að hjálpa heiminum. Hann bíður ekki eftir hjálp frá mér né þér. En samt verðum vér að starfa og gera stöðugt góðverk, af því að það er sjálfum oss blessun. Það er eina leiðin til fullkomnunar. Enginn beiningamaður skuldar oss skildingsvirði. Vér skuldum honum allt, af því að hann hefir veitt oss tækifæri til þess að þroska meðaumkun vora og mannúð.

Það er gersamlega skökk skoðun, að vér höfum gert né getum gert heiminum gott né hjálpað hinum og þessum. Það er heimskuleg hugsun, og allar heimskulegar hugsanir hafa eynd í för með sér. Vér höldum, að vér höfum hjálpað einhverjum, væntum þakklætis af honum og verðum angurbitnir, af því að hann þakkar oss ekki. Hví að vænta nokkurs?

Ef vér værum óháðir í raun og veru, myndum vér komast hjá öllum þessum sársauka hégómlegrar eftirvæntingar og gætum unnið góðverk í heiminum. Aldrei hafa þau verk í för með sér eynd og ógæfu, sem maðurinn vinnur óháður. Heimurinn varir um eilífð með eynd sinni og ógæfu.

Einu sinni var fátæklingur, sem langaði til að eignast peninga, og hann hafði einhvers staðar heyrt, að ef hann næði á vald sitt draugi eða anda, gæti hann skipað honum að færa sér peninga eða hvað annað, sem hann vildi. Honum lék því mjög hugur á að ná valdi á anda.

Hann fór að leita manns, sem gæti látið hann hafa anda, og loks fann hann vitring einn, sem var gæddur miklum mætti, og hann grátbændi vitringinn um hjálp. Vitringurinn spurði, hvað hann ætlaði að gera við andann. „Ég þarf á anda að halda til þess að vinna fyrir mig.

Kenndu mér ráð til þess að ná valdi á honum, herra! Mér liggur lífið á,“ sagði maðurinn. En vitringurinn svaraði; „Mæddu þig ekki. Farðu heim!“

Næsta dag fór maðurinn aftur til vitringsins og bað hann grátandi: „Gefðu mér anda. Ég verð að fá anda til þess að hjálpa mér, herra!“ Loks leiddist vitringnum þetta, og hann sagði: „Taktu við þessari töfrapulu. Þyldu þessar særingar aftur og aftur, og andi kemur og gerir hvað sem þú segir honum. En gættu þín! Andar eru ægilegar verur og verða alltaf að hafa nóg fyrir stafni. Hann drepur þig, ef þú getur ekki látið hann hafa nóg að gera.“ Maðurinn svaraði: „Það er auðvelt. Ég get látið hann hafa nóg verkefni, meðan hann lifir.“

Því næst sneri hann til skógar, og þegar hann hafði margþulið særingarnar, spratt upp ofboðslegur andi fyrir framan hann með geysistörum tönnum og sagði: „Ég er andi. Þú hefir vakið mig upp með særingum þínum. En þú verður alltaf að láta mig hafa nóg að gera. Á sama augnabliki og ég verð verklaus, drep ég þig.“

Maðurinn sagði: „Reistu mér höll!“ og andinn sagði: „Það er gert. Höllin er reist.“ „Færðu mér peninga!“ sagði maðurinn. „Hér eru peningarnir þínir,“ sagði andinn. „Höggðu upp þennan skóg, og reistu þar borg!“ „Það er gert,“ sagði andinn. „Hvað meira?“

Nú fór að fara um manninn, og hann sagði: „Ég hefi ekkert fleira handa honum að gera. Hann gerir allt á augabragði.“ Andinn sagði: „Láttu mig hafa eitthvað að gera! Annars svelgi ég þig.“ Veslings maðurinn hafði engin önnur störf handa honum og varð hræddur. Síðan hljóp hann eins og fætur toguðu, og loks komst hann til vitringsins og sagði: „Ó, herra! Bjargaðu lífi mínu!“

Vitringurinn spurði, hvað um væri að vera, og maðurinn svaraði: „Ég hefi ekkert handa andanum að gera. Hann gerir allt á augabragði, sem ég skipa honum, og hótar að svelgja mig, ef ég láti hann ekki hafa nóg að starfa.“ Í sömu svipan bar þar að andann, og hann sagði: „Ég svelgi þig. Ég svelgi þig.“ Og hann ætlaði að gleypa manninn. Maðurinn tók að skjálfa og bað vitringinn að bjarga lífi sínu.

Vitringurinn sagði: „Ég skal hjálpa þér úr klípunni. Líttu á hundinn þarna með hrokkna skottið. Dragðu í snatri sverð þitt úr slíðrum. Höggðu af skottið, og biddu andann að slétta það.“ Maðurinn hjó skottið af hundinum, fékk andanum það og sagði: „Sléttu þetta fyrir mig.“

Andinn tók við skottinu og strauk það hægt og vandlega, en jafnskjótt og hann slepti hendi af því, hrökk það aftur í liðu. Enn þá einu sinni strauk hann það, en allt fór á sömu leið. Skottið hrökk aftur í liðu, um leið og hann reyndi að sleppa hendi af því. Aftur strauk hann það þolinmóður, en um leið og hann slepti af því hendinni, hrökk það enn þá saman.

Svona hélt hann áfram dag eftir dag, unz hann gafst upp og sagði: „Ég hefi aldrei komist í önnur eins vandræði um ævina. Ég er gamall og reyndur andi, en aldrei hefi ég komist í þvílíkt öngþveiti. Ég vil komast að samningum við þig,“ sagði hann við manninn. „Þú lætur mig lausan, og ég lofa þér að halda öllu, sem ég hefi veitt þér, og heiti því að gera þér ekki mein.“ Maðurinn varð fegnari en frá megi segja og tók boðinu með þökkum.

Heimurinn er hrokkna hundsskottið, og menn hafa verið að bisa við að slétta það í margar aldir, en þegar þeir slepptu af því hendinni, hrökk það aftur í liðu. Hvernig getur það öðruvísi verið? Menn verða fyrst að læra að starfa óháðir. Þá verða þeir ekki ofstækismenn. Þegar oss skilst, að heimurinn er eins og hrokkna hundsskottið og sléttist aldrei, verðum vér ekki ofstækismenn. Þeir geta aldrei unnið sönn verk.

Ef heimurinn væri ofstækislaus, myndi hann taka meiri framförum en nú er raun á. Það er helber heimska að halda, að ofstæki stuðli að þroska mannkynsins. Það er þvert á móti hindrandi afl, veldur hatri og reiði, orsakar baráttu og sviftir menn samúð. Skoðanir vorar og átrúnað teljum vér bezt í heimi og álitum það einskis vert, sem vér trúum ekki.

Minnstu því alltaf hrokkna hundsskottsins, þegar þér hættir við að verða ofstækisfullur. Þú þarft ekki að baka þér áhyggjur né andvökunætur. Heimurinn hrekkur ekki upp af standinum. Þá fyrst leysir þú verk þín vel af hendi, er þú hefir yfirstigið ofstækið. Sá starfar vel, sem stjórnar sjálfum sér, er rólyndur, hefir skarpa dómgreind, styrkar taugar og er gæddur mikilli samúð og ást. Ofstækisseggurinn á enga samúð.

FRÁHVARF ER ALGER SJÁLFSAFNEITUN

Eins og allar athafnir vorar koma til vor aftur, geta þær líka haft áhrif á aðra og athafnir þeirra á oss. Þér hafið ef til vill öll veitt þeirri staðreynd eftirtekt, að þeir, sem illa breyta, fara dagversnandi, og þegar þeir fara að breyta vel, verða þeir æ sterkari með degi hverjum og gera alltaf það, sem gott er. Þessi margföldun athafnanna verður aðeins skýrð á þann hátt, að vér höfum áhrif og enduráhrif hver á annan.

Ég skal draga dæmi af skynrænum vísindum. Þegar ég aðhefst eitthvað, er hugur minn í ákveðnu sveifluástandi. Allir hugir, sem væru í líku ástandi, mundu hafa tilhneigingu til að verða fyrir áhrifum af hug mínum. Þér hafið öll veitt því eftirtekt, að mörg hljóðfæri í sama herbergi hafa tilhneigingu til að enduróma sama tón og leikinn er á eitt þeirra. Þetta dæmi sýnir, að öll hljóðfærin voru samstillt og svöruðu því eins sams konar áhrifum.

Svo verða og allir hugir, sem eins eru stilltir, fyrir sömu áhrifum af sömu hugsun. Þau verða auðvitað misjöfn eftir fjarlægðinni, en allir hafa hugirnir hæfileika til að verða fyrir áhrifum. Gerum ráð fyrir, að ég aðhafist eitthvað illt. Hugur minn er í ákveðnu sveifluástandi og öllum hugum í heiminum í svipuðu ástandi hættir við að verða fyrir áhrifum af hug mínum. Svo er og, er ég geri góðverk. Hugur minn er þá í öðru sveifluástandi, og öllum öðrum hugum, sem líkt eru stilltir, hættir við að verða fyrir áhrifum, og afl áhrifanna verður mikið eða lítið eftir sveifluhradanum.

Vér drögum dæmi þetta lengra. Ekkert er því til fyrirstöðu, að hugsanasveiflur geti borist hundruð ára, áður en þær hitta það, sem sveiflast í samræmi við þær, eins og ljóssveiflurnar geta borist milljónir ára, þar til þær hæfa markið. Það er mjög sennilegt, að andrúmsloft vort sé fullt af slíkum hugsanabylgjum, bæði góðum og illum. Engin hugsun frá neinum heila hættir að sveiflast, ef svo má að orði kveða, fyrr en hún hæfir móttakanda. Sérhver hugur, sem opnar sjálfan sig til þess að veita slíkum hugsunum móttöku, tekur við þeim samstundis.

Þegar því einhver aðhefst illt, hefir hann sett hug sinn í ákveðið sveifluástand, og allar hugsanabylgjur, sem samsvara þessu sveifluástandi og þegar eru fyrir í umhverfinu, leitast við að læsa sig inn í hug hans. Því er það, að spellvirkinn magnast sí og æ í því, sem illt er. Verk hans verða verri með degi hverjum.

Svo er og um þann, sem breytir vel. Hann opnar sjálfan sig fyrir öllum góðum áhrifum, sem í loftinu liggja, og góðverkum hans fer fram. Ill breytni hefir því tvöfalda hættu í för með sér. Fyrst og fremst opnum vér sjálfa oss fyrir öllum illum áhrifum umhverfis oss. Í öðru lagi völdum vér illum áhrifum á aðra. Það getur vel verið, að illar athafnir vorar hafi áhrif á aðra að

hundruðum ára liðnum. Með illri breytni sköðum vér sjálfa oss og aðra. Með góðri breytni gerum vér sjálfum oss og öðrum gagn, og þessi góðu og illu öfl sækja styrk utan að eins og öll önnur öfl mannsins.

Karma-yoga kennir, að athöfn mannsins fari ekki forgörðum, fyrr en hún hafi borið ávöxtu. Ekkert afl í náttúrunni getur varnað henni að bera árangur. Ef ég breyti illa, verð ég að þjáast fyrir það. Ekkert afl í heiminum getur stemmt stigu fyrir því. Eins er, ef ég breyti vel. Ekkert afl í heiminum getur varnað því að bera góða ávöxtu. Orsökina verður að eiga sér afleiðingu. Ekkert getur hamlað því.

Nú verður fyrir oss vandasamt og alvarlegt viðfangsefni um karma-yoga. Athafnir vorar, góðar og illar, eru vandlega saman ofnar. Vér getum ekki dregið markalínu milli þeirra og sagt þessa athöfn að öllu leyti góða og þessa að öllu leyti illa. Sú athöfn er ekki til, sem ekki hefir í sér fólgið gott og illt.

Ég tek það dæmið, sem næst er: Ég tala til yðar, og sum yðar haldið, ef til vill, að ég geri vel, en jafnframt drep ég sennilega þúsundir gerla í andrúmsloftinu. Ég vinn einhverju öðru tjón. Vér segjum athöfnina góða, þegar hún hefir augljós og góð áhrif á þá, sem vér þekkjum. Þér getið kallað, t. d., ræðu mína til yðar mjög góða, en gerlarnir gera það ekki. Gerlana sjáið þér ekki, en sjálf yður sjáið þér. Áhrifin á yður eru augljós, en áhrifin á gerlana eru ekki augljós.

Og eins komumst vér að raun um, er vér gagnrýnum vonda athafnir vorar, að þær hafa að einhverju leyti orðið til góðs einhvers staðar. „Sá þekkir leyndardóm starfsins, sem sér eitthvað illt í góðum störfum og einhvers staðar eitthvað gott í sjálfum spellvirkjunum.“

En hvað leiðir af þessu? Að engin athöfn getur verið hrein að öllu leyti, hvernig sem vér reynum, og engin að öllu leyti óhrein, ef vér skiljum það við hreint að gera ekki á hluta neins og við óhreint að gera á hluta einhvers. Vér getum hvorki andað svo né lifað, að vér gerum ekki á hluta einhvers, og sérhver biti matar, sem vér etum, er tekinn frá munninn annarra.

Allt líf vort fótum treður líf einhverra annarra. Það geta verið menn eða dýr eða gerlagrey, en einhverja verðum vér að fótum troða. Þar sem þessu er þann veg farið, leiðir að sjálfsögðu af því, að fullkomnun verður aldrei náð með athöfn. Vér getum unnið frá eilífð til eilífðar, en vér finnum enga leið út úr þessu margbrotna völundarhúsi. Þú getur starfað og starfað. Á því verður enginn endir.

Næsta íhugunarefnið er: Hver verður tilgangur starfsins? Vér sjáum, að þorri manna í landi hverju trúir því, að sá tími komi, að heimurinn verði fullkominn, að sjúkdómum, dauða, ógæfu og spillingu verði útrýmt. Þetta er nógu falleg hugmynd, ágætt hvatafl fyrir fáfræðinginn.

En ef vér íhugum þetta augnabliksstund, þótt ekki sé nema á yfirborðinu, munum vér ganga úr skugga um, að þetta getur aldrei átt sér stað. Hvernig getur það orðið, úr því að vér sjáum, að gott og illt er réttverfa og ranghverfa sömu myntar? Hvernig getur þú verið svo góður, að þú sért ekki vondur um leið? Við hvað er átt með fullkomnun?

Hugmyndin um fullkomið líf felur í sér mótsögn. Lífið sjálft er látlaus barátta milli sjálfra vor og alls þess, sem fyrir utan er. Vér eigum sífellt í höggi við náttúruna fyrir utan oss, og vér glötum lífi voru, ef vér bíðum ósigur. Það er látlaus matarbarátta. Vér deyjum, ef matinn þrýtur. Starfsemi lífsins er ekki einföld, heldur margbrotin. Þessa margbrotnu baráttu milli hins innra og ytra heims köllum vér líf. Þess vegna liggur það í augum uppi, að ef baráttan tæki enda, væri lífinu lokið.

Með þessari hamingjuhugsjón er átt við, að baráttan taki samt enda. En þá væri lífinu lokið, því að baráttan getur ekki tekið enda, fyrr en lífinu er lokið. En áður en vér höfum náð einum þúsundasta hluta þessarar hamingju, verður jörðin út kulnuð og vér undir lok liðnir.

Þetta framtíðarríki getur því ekki orðið í þessum heimi, ef það verður þá nokkurs staðar. Sérhvert mannúðarstarf, sérhver samúðarhugsun, sérhver hjálp, sérhvert góðverk, tekur mikið frá hinu litla sjálfi voru og fær oss til að hugsa sem minnst um sjálfa oss og er þess vegna gott. Hér sjáum vér gnani-, bhakti- og karma-yoga mætast allar við sama mark.

Æðsta hugsjónin er eilíf og alger sjálfsafneitun. Þar er ekkert „ég“, en allt er þú. Og karma-yoga stefnir að þessu sjálfrátt eða ósjálfrátt. Þetta er undirstaða alls siðgæðis. Þú getur heimfært það til manna eða dýra eða engla, og það verður eina grundvallarhugsunin, eina meginreglan í öllum siðakerfum.

Þú kannast við ýmis konar tegundir manna í heimi þessum. Fyrst eru guðmennin, sem fórna sjálfum sér að fullu og öllu og þrá að gera öðrum gott, jafnvel þótt þau verði að leggja lífið í sölurnar. Þessir menn eru fullkomnastir. Það land þyrfti ekki að örvænta, sem ætti hundrað slíka.

Því næst eru góðu mennirnir, sem gera öðrum gott, meðan það skaðar ekki sjálfa þá. Og þriðja tegundin er sú, sem skaðar aðra til þess að gera sjálfum sér gott. Sagt er, að til sé fjórða tegundin, sem skaðar aðra skaðans vegna. Eins og til eru menn annars vegar, sem gera gott góðs vegna, svo eru og hins vegar aðrir, sem skaða skaðans vegna. Þeim er það enginn ávinningur, en þetta er eðli þeirra.

Vér sjáum því, að sá er mestur, sem fórnar sjálfum sér öðrum til blessunar, sem er gæddur fullkomnastri sjálfsafneitun.

Hér eru tvö sanskrítarorð. Annað er „pravritti“, að snúast að, og hitt er „nivritti“, að snúast frá. Aðhvarfið er heimurinn, „ég og mitt“, er þeir, sem alltaf eru að auðga þetta „mitt“ með fjármunum og eignum, með valdi, með frægð og frama, og vilja sífellt safna öllu að þessum miðdepli, sem er „ég sjálfur“. Þetta er „pravritti“, eðlishneigð sérhverrar mannveru. Hún tekur hvað sem vera skal hvaðan sem er og hleður því kringum miðdepilinn, og þessi miðdepill er hið yndislega sjálf hennar.

Þegar þetta gerist móthverft, hefst „nivritti“, fráhvarfið. Þá byrjar siðgæði og trú. „Pravritti“ og „nivritti“ eru hvort tveggja verk, en annað er illt verk og hitt er gott. „Nivritti“ er undirstaða alls siðgæðis og trúar, og fullkomnun þess er alger sjálfsafneitun, að vera reiðubúinn til að fórna sál sinni, líkama og hverju sem er fyrir aðra. Þegar maðurinn hefir náð þessu ástandi, er hann kominn til æðstu fullkomnunar karma-yoga. Þetta er æðsti árangur góðra verka.

Þó að maðurinn hafi aldrei lesið stakt orð í heimspeki, þó að hann trúi ekki á guð og hafi aldrei á hann trúað, hafi aldrei beðið bænar, jafnvel ekki einu sinni á allri ævinni, hefir hann náð sama markinu og trúmaðurinn nær með bænum sínum og heimspekingurinn með þekkingu sinni, ef máttur góðverka hans hefir lyft honum á það stig, að hann sé reiðubúinn til þess að fórna lífi sínu og hverju sem er fyrir aðra.

Þú sérð því, að heimspekingurinn, framkvæmdamaðurinn og trúmaðurinn mætast allir við sama endimark, og þetta endimark er sjálfsafneitun. Gervallt mannkynið stendur með lotningu og ótta frammi fyrir þeim manni, sem er reiðubúinn til að fórna sér fyrir aðra, hversu ólíkar sem heimspekiskodanir þeirra kunna að vera.

Trúarjátningar og kenningar koma ekki til greina. Jafnvel þeir, sem eru móthverfir öllum trúarhugmyndum, hljóta að dást að þessari fullkomnu sjálfsfórni. Hefirðu ekki jafnvel séð römmustu kredduseggi kristninnar, sem lásu „Ljós Asíu“ eftir Sir Edwin Arnold, standa fulla lotningar frammi fyrir Búddha, sem aldrei kenndi neitt um guð, kenndi ekkert annað en sjálfsfórni. Kreddusegurinn veit aðeins ekki, að mark hans og mið í lífinu er nákvæmlega hið sama.

Trúmaðurinn, sem hugsar stöðugt um guð og hið góða umhverfis sig, nær að lokum sama marki, „verði þinn vilji“, og girnist ekkert sjálfum sér til handa. Það er sjálfsafneitun. Heimspekingurinn sér það með þekkingu sinni, að sýndarsjálfíð er blekking, og hann afsalar sér því fúslega. Þetta er líka sjálfsafneitun.

Leiðir karma-, bhakti- og gnana-yoga mætast því hér, og við þetta áttu allir miklir fræðarar fornaldarinnar, er þeir kenndu, að guð sé ekki heimurinn. Heimurinn er annað, guð er hitt, og þetta eru mikil sannindi. Með heiminum áttu þeir við eigingirni. Óeigingirni er guð. Sá getur verið að öllu leyti óeigingjarn, sem situr á veldisstóli í gullinni höll, og hann er í guði. Annar

hefst við í hreysi, klæðist tötrum og á ekkert, sem heimsins er, en ef hann er eigingjarn, er ríki hans af þessum heimi.

Vér hverfum aftur að því, sem fyrr var frá sagt. Vér getum hvorki gert svo góðverk, að ekki sé í því eitthvað illt, né breytt svo illa, að ekki sé í því eitthvað gott. Hvernig getum vér þá unnið, úr því að vér vitum þetta? Lausnin er í Bhagavad-gita, hugmyndin um að vera óháður, að vera ekki háður neinu. Vita skaltu, að þú ert algerlega fráskilinn heiminum, að þú ert í heiminum, en starfar ekki sjálfs þín vegna, hvað svo sem þú aðhefst.

Öll störf, sem þú vinnur sjálfs þín vegna, hafa afleiðingar fyrir þig. Ef starfið er gott, falla þér góðar afleiðingar í skaut, ef illt, falla þér illar afleiðingar í skaut. En hvert það starf, sem þú vinnur ekki sjálfs þín vegna, hefir engar afleiðingar fyrir þig. Jafnvel þó að einhver tortími gervöllum heiminum, tortímur hann ekki né verður tortímt, ef hann veit, að hann er alls ekki að vinna sjálfs sín vegna.

Þess vegna kennir karma-yoga: Afneitaðu ekki heiminum. Lifðu heiminum. Njóttu hans eins og þú getur, en gerðu það ekki nautnarinnar vegna. Nautnin ætti ekki að vera takmarkið. Deyddu fyrst sjálfan þig, og líttu síðan á allan heiminn eins og sjálfan þig.

„Hinn gamli Adam á að deyja.“ Þessi gamli Adam er sú eigingjarna hugmynd, að gervallur heimurinn sé skapaður oss til skemmtunar. Til eru menn, sem kenna oss, að dýrin hafi öll verið sköpuð til þess, að vér drepum þau og etum, og að alheimurinn sé leikfang mannsins. Þetta er allt flónska. Tígrisdýrið getur sagt á sama hátt: „Maðurinn var skapaður mín vegna“ og hrópað: „Ó, hve mennirnir eru óguðlegir, herra! Þeir koma ekki til vor og fleygja sér ekki fyrir oss, til þess að vér getum etið þá. Þeir brjóta lögmál þitt.“

Ef heimurinn er skapaður vor vegna, erum vér líka skapaðir heimsins vegna. Sú hugmynd stendur oss fyrir þrifum, að heimurinn sé skapaður oss til skemmtunar. Heimurinn er ekki til vor vegna. Milljónir hverfa héðan á ári hverju. Heimurinn verður þess ekki var. Milljónir annarra hafa bæzt við. Það, sem heimurinn er oss, erum vér heiminum.

Þú verður þess vegna fyrst og fremst að starfa óháður. Í öðru lagi máttu ekki gefa þig baráttunni á vald. Vertu eins og sjónarvottur, og haltu áfram að starfa.

Spekingur einn hefir sagt: „Líttu til barna þinna eins og barnfóstran.“ Barnfóstran gætir barns þíns, lætur vel að því, leikur við það og fer eins vel með það og hún ætti það sjálf. En hún er þess albúin að fara burt með föggur sínar, undir eins og þú segir henni upp vistinni. Öllu er gleymt. Það myndi ekki valda venjulegri barnfóstru neinna leiðinda að yfirgefa börn þín og gæta annarra barna. Vertu eins við þín eigin börn. Þú ert barnfóstran, og treystu því, ef þú trúir á guð, að allir séu börn hans.

Mesti veikleikinn þykist vera mestu gæði og styrkur. Þetta er veikleiki að halda, að einhver eigi ráð sitt undir mér og að ég geti hjálpað einhverjum. Þetta dramb er jafnan orsök þess, að vér erum háðir. Vér verðum að innræta það sjálfum oss, að enginn í alheiminum á ráð sitt undir oss. Enginn einasti beiningamaður er upp á miskunnsemi vora kominn, engin einasta sál upp á góðvild vora. Þeim er öllum hjálpað og verður hjálpað, þó að milljónir vor væru hér ekki.

Rás náttúrunnar stöðvast ekki mín eða þín vegna. Það eru aðeins dásamleg forréttindi handa mér og þér, að oss er leyft að þroska sjálfa oss með því að hjálpa öðrum. Þessa lexíu verðum vér að læra líf eftir líf, og þegar vér höfum lært hana til hlítar, hendir ógæfan oss aldrei framar. Vér getum farið og vasast í einu og öllu.

Verið getur, að einhverjir vina vorra hafi einmitt dáið á þessu ári. Bíður heimurinn eftir þeim? Hefir rás hans stöðvast? Hún heldur áfram. Vísaðu því á bug. Þeyttu þeirri ímyndun úr hug þínum, að þú eigir að gera eitthvað fyrir heiminn. Heimurinn beiðist ekki neinnar hjálpar frá þér. Þegar þú hefir tamið taugar þínar og vöðva við þessa hugsun, valda afleiðingar verka þinna þér ekki þjáningar.

Ef þú gefur einhverjum eitthvað og væntir einskis, – væntir ekki, að maðurinn sé þér þakklátur –, hefir það engin áhrif á þig, af því að þú væntir aldrei neins, ímyndaðir þér aldrei, að þú ættir tilkall til neins. Þú gafst manninum það, sem hann verðskuldaði. Karma hans veitti honum það. Karma þitt gerði þig að milligöngumanni.

Hví skyldir þú hreykja þér af að gefa eitthvað? Þú ert burðarmaðurinn, sem bar peningana, og heimurinn verðskuldaði það vegna karma síns. Hver er ástæðan til þess að hreykja sér? Það er ekkert mikilfenglegt, sem þú gefur heiminum. Þegar þú hefir öðlast tilfinningu þess að vera óháður, verða þér engin verk góð né ill.

Eigingirnir ein veldur mismun góðs og ills. Þetta er ekki auðskilið, en samt muntu læra það með tímanum, að ekkert í alheiminum nær valdi á þér, fyrr en þú leyfir það. Ekkert hefir vald á sjálfi mannsins, fyrr en sjálfið gerist flón og hlýðir valdinu. Þú varnar þess vegna hverju valdi sem er að hafa áhrif á þig, ef þú ert óháður. Það er ofur auðvelt að segja, að ekkert eigi rétt á að hafa áhrif á þig, fyrr en þú leyfir það, en hvert er einkenni þess, sem leyfir í raun og veru engu að fá áhrif á sig, sem er hvorki sæll né vansæll, þó að umheimurinn beini skeytum sínum til hans? Einkennið er það, að þetta veldur engri breytingu í hug hans. Hann er eins í meðlæti og mótlæti.

Einu sinni var mikill spekingur, sem hét Vyâsa. Vyâsa þessi var höfundur Vedantaheimspekinnar, heilagur maður. Faðir hans hafði leitast við að verða fullkominn, en mistekist. Afi hans reyndi, en mistókst. Langafi hans reyndi einnig, en mistókst. Sjálfum tókst

honum það ekki að fullu, en sonur hans, Shuka, var fæddur fullkominn. Hann kenndi þessum syni sínum, og þegar hann hafði kennt honum sjálfur, sendi hann hann til hirðar Janaka konungs.

Einu sinni var völdugur konungur, að nafni Janaka Videha. Videha tákna þann, sem er fyrir utan líkamann. Þótt hann væri konungur, hafði hann steingleymt því, að hann væri líkami. Hann var alltaf andi. Drengurinn var sendur til þess að læra af honum. Konungurinn vissi, að sonur Vyâsa var á leið til hans til þess að læra af honum, og hann lét undirbúa komu hans með sérstökum hætti. Verðirnir gáfu drengnum ekki minnsta gaum, þegar hann kom að hliðum hallarinnar. Þeir vísuðu honum aðeins til sætis, og þar sat hann þrjá daga og þrjár nætur. Enginn talaði við hann, enginn spurði hann, hver hann væri né hvaðan hann kæmi.

Hann var sonur spekingsins mikla. Faðir hans var virtur af öllum landsmönnum, og sjálfur var hann mjög í hávegum hafður, en samt vildu auðvirðilegir varðargarmar hallarinnar ekki líta við honum. Því næst komu ráðherrar konungs og hirðgæðingar skyndilega og fögnuðu honum með mikilli lotningu. Þeir leiddu hann inn, fylgdu honum um skrautlega sali, gáfu honum ilmandi böð og dýrlegan skrudá, og í átta daga létu þeir hann sitja í glæsilegum fagnaði.

Andlitssvipur hans breyttist ekki. Hann var samur í slíkri viðhöfn og hann hafði verið við dyrnar. Því næst var hann leiddur fram fyrir konung. Konungur sat í háseti sínu. Hljóðfærasláttur ómaði. Danz var stíginn og hvers konar skemmtanir um hönd hafðar. Konungurinn rétti honum bolla, barmafullan af mjólk, og bað hann að ganga svo sjö sinnum hringinn í kring í höllinni, að hann missti ekki einn einasta dropa niður.

Drengurinn tók við bollanum og gekk um höllina við glymjandi hljóðfæraslátt og meðal unaðsfagurra andlita. Sjö sinnum gekk hann í kring, og ekki missti hann einn einasta mjólkurdropa niður. Hugur drengsins dróst ekki að neinu undir sólinni, nema hann leyfði það. Og þegar hann rétti konunginum bollann, sagði konungurinn við hann: „Ég get ekki kennt þér annað en faðir þinn hefir kennt þér og þú hefir lært af sjálfum þér. Þú þekkir sannleikann. Farðu heim.“

Svo verður sá óháður umheiminum, sem hefir iðkað sjálfstjórn. Hann er ekki frammar háður neinum þrældómi. Hugur hans er orðinn frjáls. Aðeins slíkur maður er fær um að lifa í heiminum.

Vér þekkjum tvær skoðanir, sem almennt ríkja manna á meðal. Þeim, sem ekki hafa stjórn á hug sínum, er heimurinn annaðhvort fullur af böli eða sambland góðs og ills. En þessi heimur verður einmitt bjartur heimur, þegar vér erum orðnir drottendur hugar vors. Ekkert

snertir oss í líki góðs né ills. Vér finnum samræmi í öllum hlutum. Sumir, sem byrja á því að segja heiminn helvíti, enda á því að segja hann himnaríki.

Ef vér erum sannir karma-yogar og viljum þroska sjálfa oss að þessu takmarki, hlotnast oss að lokum alger sjálfsafneitun, hvar sem vér byrjum, og undir eins og sýndarsjálfið er burtu, mun allur þessi heimur, sem oss virtist áður fylltur vonzku, birtast oss sem himnaríki, fullur blessunar. Jafnvel andrúmsloftið verður himneskt. Sérhvert mannsandlit verður gott. Þetta er mark og mið karma-yoga, og þetta er fullkomnun.

Þú sérð því, að þessar ýmsu greinar yoga fara ekki í bága hver við aðra. Sérhver þeirra stefnir að sama takmarki og gerir oss fullkomna, en allar verðum vér að iðka þær. Allur leyndardómurinn er iðkunin. Fyrst að heyra, þá að hugsa og loks að iðka. Þetta er jafnsatt um allt yoga.

Þú verður fyrst að heyra frá því sagt og skilja, hvað það er, og margt, sem þú skilur ekki, mun verða þér ljóst með því að heyra það stöðugt. Það er erfitt að skilja allt í einu. Skýring allra hluta er í sjálfum þér. Engum hefir nokkurn tíma verið kennt af öðrum. Allir verða að kenna sjálfum sér.

Kennarinn, sem fyrir utan er, er aðeins hugvekja, sem vekur innra kennarann til skilnings. Þá verða hlutirnir ljósir fyrir afl eftirtektarinnar, og vér munum gera þá raunverulega í sálum vorum, og það vekur völdugan viljakraft. Fyrst er tilfinning. Síðan verður hún vilji, og úr viljanum verður geysimikil starfsorka, sem fossar um hverja æð, taug og vöðva, þar til öllum líkama þínum er breytt í óeigingjarnt yoga starfsins, og árangurinn verður fullkomin sjálfsafneitun, alger óeigingirni.

Það er óháð öllum kreddum eða kenningum eða trú. Það skiftir engu, hvort menn eru kristnir, Gyðingar eða heiðingjar. Ertu óeigingjarn? Það eitt skiftir máli. Ef þú ert það, geturðu orðið fullkominn án þess að lesa eitt einasta trúarrit, án þess að stíga fæti þínum í kirkju eða hof. „Flónin ein segja athöfn og heimspeki sitt hvað, ekki hinir lærðu.“ Lærðu mennirnir vita, að þeir ná allir að lokum sama takmarki og að það er fullkomnun.

VII

FRELSI

Vér höfum séð, að karma táknar ekki aðeins athöfn, heldur og afleiðing. Sérhver verk, sérhver athöfn, sérhver hugrenning, sem veldur afleiðingu, er nefnt karma. Þetta karma-lögmál er orsakalögmál. Orsök fylgir alltaf afleiðing. Því verður ekki varnað, og heimspeki vor kennir, að karma-lögmálið ríki hvarvetna í alheiminum. Allt, sem vér sjáum, finnum eða gerum, sérhver athöfn í gervöllum alheiminum, er annars vegar aðeins afleiðing umliðinna verka, en hins vegar verður það orsök, sem veldur öðrum afleiðingum.

Nauðsynlegt er að íhuga hugtakið lögmál í sambandi við þetta. Vér vitum, að í sálfræðilegum skilningi er lögmál tilhneiging raðar til þess að endurtakast. Þegar vér sjáum eitt atriði reka annað eða verða því stundum samferða, væntum vér, að þetta verði alltaf svo. Raðir fyrirbrigða tengjast saman í hug vorum í eins konar óslitinni keðju, svo að það, sem vér sjáum þessa stundina, vísar viðstöðulaust til annarra staðreynda í hug vorum.

Sálarfræði vor kennir, að hugmynd eða bára, sem rís í hugefninu, myndi ávallt margar sams konar búrur. Þetta er lögmál hugmyndatengslanna, og orsakalögmálið er aðeins hluti þessa allsherjarlögmáls.

Í umheiminum er lögmálshugmyndin eins og í innheiminum eftirvænting þess, að eitt fyrirbrigði reki annað og að fyrirbrigðaröðin endurtakist, að svo miklu leyti sem vér getum orðið þess varir. Sannast sagt eru lögmál þess vegna ekki til í náttúrunni. Það er í raun og veru firra að segja, að þyngdarlögmálið sé í jörðinni, eða að nokkurt lögmál eigi sér neins staðar stað í náttúrunni. Lögmál er aðferðin, hátturinn, sem hugur vor skilur með röð fyrirbrigða. Þau eru öll í huganum. Það, sem vér köllum lögmál, eru ákveðin fyrirbrigði, sem koma fyrir saman og eru mótuð af skilningnum, sem hugur vor hefir á allri fyrirbrigðaröðinni.

Næsta viðfangsefnið er þetta: Við hvað eigum vér með allsherjarlögmáli? Heimur vor er sá hluti tilverunnar, sem er takmarkaður af því, sem sanskrítarsálarfræðingar nefna „Nama-Rupa“ (nafn og form). Þessi heimur er aðeins hluti þeirrar takmarkalausar tilveru, sem hefir verið varpað í sérstakt mót eða myndað af nafni og formi, og sá hluti allrar tilverunnar, sem fyllir mótið, er það, sem vér nefnum alheim vorn.

Af þessu leiðir það auðvitað, að lögmál geta aðeins átt sér stað innan þessa heims. Utan hans geta engin lögmál átt sér stað. Þegar vér tölum um þennan heim, eigum vér einungis við þann hluta tilverunnar, sem hugur vor takmarkar, heim skilvitanna, sem vér getum séð, fundið, snert, heyrt, hugsað um, ímyndað oss.

Þessi hluti alheimsins er aðeins lögmáli háður, en það, sem fyrir utan er, getur ekki verið háð lögmáli, því að orsakalögmálið nær ekki þangað. Allt, sem er fyrir utan landamæri hugar vors og skilvita, er óháð orsakalögmáli, því að hugmyndatengsli eru ekki til fyrir utan svæði skilvitanna, og orsakalögmál getur ekki átt sér stað án hugmyndatengsla. Tilveran hlýðir þá aðeins orsakalögmáli, þegar hún er steipt í nafn og form, og vér segjum hana þá háða lögmálum, af því að lögmál eiga rót sína í orsök.

Vér sjáum því í einni svipan, að frjáls vilji er ekki til. Það felst jafnvel mótsögn í orðunum einum, því að vér þekkjum viljann, og allt, sem vér þekkjum, er innan heims vors, og allt, sem er innan heims vors, hefir verið steipt í nafn og form, og allt, sem vér þekkjum og oss er unnt að þekkja, verður að hlýða orsakalögmáli, og það, sem hlýðir orsakalögmálinu, getur ekki verið frjálst. Það er háð áhrifum annarra orsaka og verður sjálft orsök o. s. frv. En það er frjálst, sem breyttist í vilja, sem ekki var vilji, heldur breyttist í mannlegan vilja, er það féll í þetta mót, og þegar viljinn losnar úr fjötrum orsakalögmálsins, verður það aftur frjálst. Frá frelsi kom það og var steipt í deigluna, og þaðan losnar það og hverfur til frelsis.

Þessi spurning var borin upp: „Hvaðan kom heimurinn, hvar er hann, og hvert fer hann?“

Þessu var svarað: „Frá frelsi kom hann, í fjötrum er hann, til frelsis fer hann.“

Þegar vér tölum því um manninn sem holdgaða veru, þá er aðeins hluti hennar maður. Þessi líkami og hugur, sem vér skynjum, er aðeins hluti alls mannsins, aðeins snefill þeirrar óendanlegu veru, sem er maður.

Gervallur heimurinn er aðeins depill í hafi óendanleikans, og öll lögmál vor og fjötrar vorir, gleði vor og sorgir, farsæld vor og vonir eiga aðeins heima innan þessa heimskrúlis. Öll þróun vor og vegvillur eru innan þessa þrönga rúms.

Þú sérð því, hversu barnalegt það er að vænta stöðugs framhalds þessa heims, að vona og vænta himnaríkis, sem er endurtekning þessarar tilveru vorrar. Þú sérð þegar, að það er fjarstæða og barnaleg ósk að steypa óendanlegan alheiminn í sama form og tilveru þá, er vér þekkjum.

Þegar einhver segir, að hann vilji njóta þess aftur og aftur, sem hann hefir nú, eða biður um þægileg trúarbrögð, eins og ég kemst stundum að orði, geturðu reitt þig á, að hann er orðinn svo úrkynja, að hann getur ekki hugsað sér neitt æðra því, sem hann er nú, ekkert æðra hinu auðvirðilega umhverfi sínu.

Hann hefir gleymt guðdómseðli sínu og öll hugsun hans er fjötruð við lítilmótlega gleði og sorgir og afbrýðisemi líðandi stundar. Þetta hyggur hann vera óendanleikann, og ekki aðeins það. Hann getur ekki af því séð. Hann hangir örvæntingarfullur við „trishna“, þorstann í líf.

Til eru milljónir af farsældum, verum, lögmálum, framförum og orsökum, sem starfa fyrir utan þekkingarsvið vort. Þetta er aðeins hluti af alheimseðli voru.

Til þess að öðlast frelsi verðum vér að komast út úr þessum heimi. Hér verður það ekki fundið. Algerðu jafnvægi verður ekki náð í þessum heimi, hvorki á himni né jörðu né neins staðar þar, sem hugsunin eða hugurinn geta komist né skilvitin geta fundið, séð, heyrt né snert né vér getum ímyndað oss. Engir slíkir staðir geta veitt frelsi, því að þeir væru allir innan heims vors, og hann hlýtur að vera fjötraður orsakalögmáli, jafnvel þó að þeir væru miklu fingerðari en þetta.

Til eru staðir, sem eru miklu fingerðari en jörð vor. Þar verða nautnirnar æðri, en það verður í heiminum og þess vegna í fjötrum. Vér verðum því að leita út fyrir, og sönn trú hefst þar, sem þessum litla heimi lýkur. Þar, sem þessi lítilmótlega gleði og sorgir og þekking taka enda, þar hefst veruleikinn. Vér getum ekki gert oss neina von um að ná í nokkurn glampa af frelsi óendanleikans fyrir utan, fyrr en oss tekst að slökkva lífsþorstann, sem reyrir oss við þessa augnablikstilveru.

Því er svo varið, að leiðin til þess að öðlast frelsið, sem er takmark mannkynsins, er aðeins ein, og hún er að afsala sér þessu lítilmótlega lífi, afsala sér þessum lítilmótlega heimi, afsala sér jörðinni, afsala sér himnaríki, afsala sér líkamanum, afsala sér sálinni, afsala sér öllu. Ef vér getum afsalað oss þessum litla heimi skilvitanna og huganum, verðum vér samstundis frjálsir. Eina leiðin til þess að losna úr fjötrum er að komast út fyrir lögmálin, komast út fyrir orsakalögmálið, en orsakalögmálið ríkir eins langt og þessi heimur nær.

En sú er þrautin þyngst að afsala sér heiminum. Fáum einum tekst það. Tvær leiðir er bent á í ritum vorum. Önnur er nefnd „neti neti“ (ekki þetta, ekki þetta), neikvæð. Hin er nefnd „iti iti“ (þetta, þetta), jákvæða leiðin.

Neikvæða leiðin er erfiðari. Hún er einungis fær geysifullkomnum og óvenjulegum mönnum, sem eru gæddir jötunefldum viljakrafti, sem aðeins standa hjá og segja: „Nei, þetta vil ég ekki,“ og sál og líkami hlýða, og þeir öðlast lausnina. En slíkir menn eru mjög sjaldgæfir, og þorri mannkynsins velur jákvæðu leiðina, leiðina um heiminn, brýtur fjötrana með fjötrum. Þetta er einnig að afsala sér, en hægt og smám saman með því að kynnast hlutunum, njóta hlutanna og öðlast þannig reynslu og þekkja eðli hlutanna, unz hugurinn lætur þá lönd og leið og verður óháður.

Önnur leiðin er hugsunarinnar, en hin athafnarinnar. Fyrri leiðin er gnana-yoga, að afneita starfinu. Hin er karma-yoga, að starfa. Allir verða að starfa í heiminum. „Þeir einir starfa ekki, sem eru alsælir í sjálfinu, sem óska einskis utan sjálfsins, sem hafa hugann bundinn við sjálfið, sem er sjálfið allt í öllu.“ Hinir verða að starfa. Strengur í á fellur sjálfkrafa niður í hyl og

verður að hringiðu, og þegar hann hefir snúist stundarkorn í iðunni, losnar hann aftur og rennur óháður.

Svo líkist og sérhvert mannlíf þessum straumi. Það fellur í iðuna, vefst inn í veröld nafns og forms, hringsnýst dálitla stund og æpir: faðir minn, bróðir minn, nafn mitt, orðstír minn, og loks kemst það upp úr og öðlast aftur frelsi sitt. Allur veraldar vegur vikur að þessum punkt. Þessi reynsla er allra eign, hvort sem þeim er það ljóst eða leynt, og með tíð og tíma munu þeir losna úr hringiðunni.

En hvað er karma-yoga? Að þekkja leyndardóm starfsins. Vér sjáum, að gervallur heimurinn starfar. Fyrir hverju? Fyrir lausn, fyrir frelsi, frá öreindinni til æðstu veru. Allt sækir að þessu eina marki, frelsi hugans, líkamans, andans, alls, – leitast látlaust við að öðlast frelsi, losna úr fjötrum. Sólin, máninn, jörðin, reikistjörnurnar leitast öll við að losna úr fjötrum.

Karma-yoga skýrir oss frá leyndardómi, aðferð starfsins. Í stað þess að hrekjast um heiminn og kynnast hlutunum eins og þeir eru eftir miklar tafir og hnekkingar kennir karma-yoga oss leyndardóm starfsins, aðferð starfsins, skipulagsmátt starfsins. Meginhluti orkunnar fer forgörðum, ef oss er ekki ljóst, hvernig vér eigum að nýta hana.

Karma-yoga gerir úr þessu vísindi. Þú lærir að hagnýta þér öll störf veraldarinnar. Athöfnin verður ekki umflúin. Hún verður að vera, en starfaðu í hinum göfugasta tilgangi. Karma-yoga leiðir oss í skilning um, að þessi heimur er fimm-mínútna-heimur, að hann er það, sem leið vor liggur um, að verulegt frelsi er hér ekki, en að vér verðum að leita út fyrir til þess að öðlast frelsi. Vér verðum að fara um heiminn hægt og hiklaust til þess að rata út.

Til geta verið fágætir menn, er ég drap á áðan, sem geta staðið á lengdar og afsalað sér heiminum, eins og snákurinn skriður úr hýðinu og horfir á það á lengdar. Þessar fágætu verur eru nokkrar til. En allir aðrir verða að þreyta skeiðið í hægðum sínum, og karma-yoga vísar heiminum veginn, sýnir þeim leyndardóminn, aðferðina, til þess að komast áfram með auðveldasta móti.

Hvað felst í þessu? „Starfaðu látlaust, en vertu starfinu algerlega óháður.“ Samsamaðu þig ekki neinu. Hafðu hugann frjálsan. Allt, sem þú sérð, þjáningin og eymdin, er aðeins eðli þessa heims. Fátækt og auðæfi og farsæld eru aðeins stundleg. Þau tilheyra alls ekki eðli voru.

Eðli vort er hátt hafið yfir eymd eða farsæld, hafið yfir allt, sem skynseminnar er, hafið yfir ímyndunaraflíð. Og samt verðum vér að starfa látlaust. „Ófarsæld stafar af því, að maðurinn er háður, ekki af starfinu.“ Jafnskjótt og vér samsömum oss starfinu, verðum vér ófarsælir, en ef vér samsömum oss því eigi, snertir eymdin oss ekki.

Maðurinn verður ekki aumur, þó að fögur mynd náunga hans brenni, en hversu aumur verður hann ekki, þegar eigin mynd hans brennur! Hví? Báðar voru myndirnar fagrar, ef til vill eftirmyndir sömu frummyndar, en maðurinn verður aumur, þegar önnur þeirra brennur, en bruni hinnar fær ekki á hann. Það er þess vegna, að hann samsamar sig annarri myndinni, en ekki hinni.

Þetta „ég og mitt“ bakar allt bölið. Eignum fylgir eigingirni, og eigingirni bakar böl. Sérhver eigingjörn athöfn eða eigingjörn hugsun gerir oss háða einhverju, sem að baki er, og samstundis verðum vér þrælur. Sérhver alda í vitundarefninu (chitta), sem segir „ég og mitt“, reyrir oss samstundis í fjötra og gerir oss að þrælum, og því oftast sem vér segjum „ég og mitt“, því þyngri verður þrældómurinn, því beizkara verður bölið.

Karma-yoga segir oss þess vegna að njóta allra mynda í heiminum, en samsama oss þeim ekki. Segðu aldrei „mitt“. Hvenær sem vér segjum eitthvað vort, fellur eymdin samstundis yfir oss. Segðu jafnvel ekki „barn mitt“ í huganum. Njóttu barnsins, en segðu ekki „mitt“. Ef þú segir „mitt“, fellur eymdin yfir þig. Segðu ekki „hús mitt“, segðu ekki „líkami minn“. Í þessu eru öll vandkvæðin falin.

Líkaminn er hvorki þinn né minn né nokkurs annars. Líkamarnir koma og fara eftir lögmálum náttúrunnar, en vér erum frjálsir, stöndum hjá eins og sjónarvottar. Líkaminn er ekki frjálsari en myndin eða veggurinn. Hví skyldum vér gera sjálfa oss háða líkamanum.

Ef einhver malar mynd, gerir hann það og gengur síðan burt. Hví að vera háður henni? Láttu hana eiga sig. Skjóttu ekki fram þessum fálmanga eigingirninnar: „ég vil eiga hana“. Jafnskjótt og þú hefir sagt það, gengur eymdin í garð.

Karma-yoga segir þess vegna: Upprættu fyrst hneigðina til þess að skjóta fram fálmanga eigingirninnar, og þegar þú hefir öðlast mátt til þess að sporna við því, skaltu halda honum í skefjum og ekki leyfa huganum að komast í slíka ölduhreyfingu. Gakk síðan út um heiminn, og starfaðu eins mikið og þér er unnt. Stattu í hverju, sem er. Lifðu þar, sem þig lystir. Þú verður aldrei snortinn. Þú verður eins og lótusblöðin í vatninu, sem vatnið getur ekki vætt.

Þetta er nefnt „vairâghyam“. Það er lögmál karma-yoga, fráhrarf. Ég hefi einmitt sagt yður, að án fráhrarfs getur ekkert yoga þrífist. Það er undirstaða alls yoga, og þetta er hin sanna merking þess að vera óháður. Sá, sem afsalar sér að búa í húsi og ganga vel til fara og eta góðan mat og hverfur inn í eyðimörkina, getur verið ramháður. Líkaminn, eina eignin hans, getur verið honum allt, og hann getur lifað fyrir líkama sinn.

Fráhrarf á ekki við störf vor í skynlíkamanum, heldur er það í huganum. Fjötrarnir „ég og mitt“ eru í líkamanum. Ef vér værum ekki fjötraðir við líkamann og skynræna hluti, mundum vér vera óháðir, hvar sem vér værum. Sá, sem situr á veldisstóli, getur verið að öllu leyti

óháður. Annar getur klæðst tötrum og verið ramháður. Fyrst öðlumst vér fráhrarfið og því næst störfum vér látlaust. Karma-yoga kennir oss aðferð, sem hjálpar oss til að losna við helsið. Lausnin er erfið.

Hér eru tvær leiðir til þess að afsala sér aðhvarfinu. Önnur er fyrir þá, sem ekki trúa á guð né neina hjálp að utan. Þeir verða að spila upp á sínar eigin spýtur. Þeir hafa ekki annað við að styðjast en sinn eigin vilja, mátt hugans, þetta: „ég verð að vera óháður“, og mátt dómgreindarinnar.

Þeir, sem trúa á guð, eru betur settir. Þeir fela drottni ávöxtu starfsins og ganga síðan að verkinu og eru aldrei háðir árangrinum. Allt, sem þeir sjá, finna, heyra, gera, er helgað honum. Vér skulum ekki láta oss neinu skifta hrós annarra, hvert góðverk, sem vér gerum. Guðs er dýrðin. Feldu honum ávöxtuna. Vér skulum aldrei halda, að vér eigum að njóta ávaxta stærstu verkanna, sem vér vinnum um ævina, né, að vér höfum unnið þarft verk.

Friður sé með oss, fullkominn friður, og afsölum oss líkama vorum og hug og öllu öðru, eins og vér séum sífellt að færa fórn. Færðu þessa einu miklu fórn nótt og dag, fórn hins litla sjálfs, í stað þess að kasta fórnargjöfinni á eldinn. Afneitaðu sýndarsjálfinu nótt og dag, unz það verður vani þinn, unz það gegnumsyrrir blóð þitt, taugar og heila, og allur líkaminn hlýðir þessari hugmynd, hvenær sem er. Þá erum vér lausir við allt. Enginn hlutur snertir oss. Göngum fram á miðjan vígvöllinn, meðal gínandi fallbyssna og hergnýs, og í oss ríkir frelsi og friður.

Karma-yoga kennir oss skyldur lægri tilverustiga. Allir verðum vér að rækja skyldur vorar. Þetta er skylda mín, og hitt er skylda mín. Samt sjáum vér, að skyldan er hin mikla orsök eymdarinnar. Hún sýkir oss, þokar oss þó áfram. Hún hremmir oss og blandar líf vort böli. Hún er eitur mannlífsins. „Þessi skylduhugmynd er hádegissól sumarsins, sem þurrkar upp lindir sálarinnar.“

Lítið til veslings skylduþrælanna. Skyldan gefur þeim engin grið til þess að hugsa um neitt annað, gefur þeim engan tíma til bænagerða, engan tíma til þess að baða sig. Skyldan liggur alltaf á þeim. Þeir fara út og vinna. Skyldan liggur á þeim. Þeir koma heim og hugsa um störf næsta dags. Skyldan liggur á þeim! Þeir lifa þrælalífi og hníga að lokum niður á götuna og deyja eins og hross í aktýggjum. Þetta er skyldan, eins og hún er skilin.

Eina skyldan er að vera óháður og starfa eins og frjáls vera. Sælir erum vér að vera hér. Vér þjónum samtíð vorri. Hver veit, hvort vér gerum það vel eða illa? Þótt vér gerum það vel, hlotnast oss ekki ávinningurinn. Þótt vér gerum það illa, verður oss ekki heldur hegnt.

Lifið í rósemi. Verið frjálsir og starfið. Þetta er mjög erfitt að öðlast. Hve auðvelt er það ekki að dubba þrældóminn upp í skyldu, – kalla sjúklegan samdrátt holds og holds skyldu! Menn

fara út um heiminn og sveitast og berjast til fjár. Spurðu þá, hvers vegna þeir geri það. Þeir segja: „Það er skylda.“ Það er vitstola gullgræðgi, en þeir reyna að bera hana blómum.

Hvað er skylda, þegar öllu er á botninn hvolft? Hrinding holdsins, aðhvarf vort, og þegar aðhvarfið hefir náð að festa rætur í oss, köllum vér það skyldu. Í löndum þeim, þar sem ekkert hjónaband á sér stað, er t. d. engin skylda milli manns og konu. Þegar hjónabandið hefst og maður og kona búa saman, eru þau samvistum þess vegna, að þau eru háð holdinu, og þetta verður að venju eftir margar kynslóðir, og þegar það er orðin venja, verður það skylda.

Þetta er eins konar rótgróinn sjúkdómur. Ef hann er bráður, nefnum vér hann sjúkdóm. Ef hann er langvinnur, nefnum vér hann eðli vort. En sjúkdómur er það samt sem áður. Þegar vér erum háðir um langan tíma, skýrum vér það því með hinu virðulega nafni skyldunnar. Vér stráum það blómum, þeytum lúðra fyrir því, lesum yfir því helgar skriftir, og því næst berst allur heimurinn og menn ræna hver annan skyldunnar vegna.

Skyldan er góð. Hún heldur ruddaskapnum í skefjum innan ákveðinna endimarka. Óþroskuðum mönnum, sem ekki geta átt aðra hugsjón, er hún nauðsynleg, en þeir, sem ætla að gerast karma-yogar, verða að varpa þessari skylduhugmynd fyrir borð. Á mér eða þér hvílir engin skylda. Gefðu heiminum allt, sem þú getur gefið, en skoðaðu það ekki skyldu. Hugsaðu ekkert um það. Láttu ekki þvingast.

Hví skyldirðu láta þvingast? Allt, sem þú starfar þvingunar vegna, starfarðu háður. Hví skyldi nokkur skylda hvíla á þér? Á þér hvílir engin skylda undir sólinni. Ef þú þráir umbun, verðurðu einnig að setta þig við refsingu. Eina leiðin til þess að umflýja refsingu er að afsala sér umbuninni. Eina leiðin til þess að losna við eymdina er að afsala sér farsældarvoninni, af því að þær eru hlekkjaðar saman. Farsæld annars vegar, eymd hins vegar. Líf annars vegar, dauði hins vegar.

Eina leiðin til þess að yfirvinna dauðann er að afsala sér lífinu, láta sig það engu skifta. Líf og dauði er eitt og hið sama, séð frá ólíkum sjónarmiðum. Hugmyndin um farsæld án eymdar eða líf án dauða er því nógu góð handa skóladrengjum og börnum, en sá, sem hugsar, sér, að þetta er mótsögn, og afsalar sér hvoru tveggja.

Leitaðu þér ekki lofs, ekki umbunar fyrir neitt, sem þú gerir. Þetta er þung þraut. Vér erum ekki fyrr búnir að gera svo góðverk, að vér óskum ekki launa fyrir það. Vér erum ekki fyrr búnir að gefa svo peninga í mannúðarskyni, að oss langi ekki til að sjá nafn vort í blöðunum. Eymd verður fortakslaust afleiðing slíkra óska.

Mestu menn heimsins hafa dáíð ókunnir. Búddharnir og Kristarnir eru aðeins annars flokks menn í samanburði við þá. Hundruð þeirra hafa unnið í kyrrþey í landi hverju. Í kyrrþey dóu þeir, og þegar tímar liðu, komu hugsanir þeirra fram í Búddhum og Kristum, og

þeim kynnumst vér. Fullkornustu mennirnir leita sér hvorki frægðar né frama með þekkingu sinni. Allt eðli þeirra rís gegn því. Þeir eru hinir sönnu sattvikar, sem aldrei geta valdið neinum óróa, heldur lifa þeir í ást.

Næstir þeim eru menn, sem hafa meira rajas eða starfsemi til að bera, bardagamenn, sem berjast fyrir hugmyndum hinna fullkomnu og predika þær heiminum.

Fullkornustu mennirnir skapa hugmyndir í kyrrþey, en hinir – Búddharnir og Kristarnir – ganga stað úr stað og kenna og starfa. Fullkornustu mennirnir eru rósamir, kyrrlátir og ókunnir. Þeir eru mennirnir, sem skilja í raun og veru mátt hugsunarinnar. Þeir vita, að þótt þeir gangi inn í hellisskúta og loki dyrunum, hugsu aðeins fimm hugsanir og fari síðan, muni þessar fimm hugsanir lifa eilíflega. Þær muni smjúga gegnum fjöllin, fljúga yfir hafið, fara um heiminn og hitta einhvern heila og vekja einhvern til starfa, sem geri þær heyrinkunnar.

Þessir menn eru of nálægt guði til þess að starfa og stríða, vinna og strita, kenna og gera mannkyninu gott. Athafnarmennirnir eiga enn þá dálitlar leifar af fávizku, þótt þeir séu að öðru leyti góðir. Vér getum aðeins unnið, meðan dálítið af óhreinum leifum loðir ennþá við eðli vort.

Fullkornustu mennirnir geta ekki unnið. „Fyrir þeim, sem hafa sökkt allri sál sinni í sjálfið, sem hafa takmarkað óskir sínar innan sjálfsins, sem eru komnir í órjúfanlegt samfélag við sjálfið, – fyrir þeim er ekkert starf til.“ Þeir eru því fullkornastir allra manna, sem ekki geta starfað.

En allir aðrir verða að vinna. En ímyndaðu þér aldrei, að þú getir hjálpað minnstu vitund í þessum heimi. Þú getur það ekki. Þú hjálpar aðeins sjálfum þér í þessum lífsins skóla. Þetta er eðli starfsins. Ef þú starfar á þennan hátt, ef þú hefir það sífellt hugfast, að starf er einkaréttindi, sem þér hafa verið veitt, verðurðu aldrei háður.

Heimurinn varir. Milljónir minna og þinna líka halda, að þeir séu miklir menn í heiminum, en vér deyjum, og eftir fimm mínútur hefir heimurinn gleymt oss. Afsalaðu þér öllum ávöxtum starfsins. Gerðu gott góðs vegna. Þá fyrst verðurðu algerlega óháður. Fjötrar hjartans bresta, og vér uppskerum fullkomið frelsi. Þetta er leyndardómur karma.

VIII

TAKMARK KARMA-YOGA

Hugmyndin er sú, að vér náum sama takmarki með ólíkum aðferðum, og aðferðirnar flokka ég í fernt, – athöfn, ást, sálarfræði og þekking. En þú verður að hafa það jafnframt hugfast, að skifting þessi er ekki skýr. Greinirnar grípa hver inn í aðra, en skiftingin er gerð eftir megineinkennum hverrar greinar.

Því er ekki svo varið, að þú getir hitt fyrir mann, sem hefir engan annan hæfileika en starfsemi, né annan, sem er ekkert annað en guðsdýrkandi, né nokkurn, sem á ekkert annað en þekkingu. Skifting þessi er gerð sökum aðaleinkennanna eða hneigðanna, sem drottna í manninum. Vér höfum komist að raun um, að leiðir allra liggja saman að lokum að einu marki. Öll trúarbrögð og allar starfsaðferðir stefna að þessu marki.

Fyrst ætla ég að reyna að benda á markið. Hvert er takmark gervalls heimsins? Frelsi. Allt, sem vér sjáum, heyrum og finnum, keppir í áttina til frelsisins, frá öreindinni til mannsins, frá skynlausum, líflausum efnisögnum til æðstu tilveru mannsins, mannsálarinnar. Gervallur heimurinn er árangur þessarar frelsisbaráttu. Alls staðar og í öllu reynir sérhver efnisögn að fjarlægjast aðrar, en þær halda henni í skefjum. Jörð vor reynir að fjarlægjast sólina og máninn jörðina. Allt hefir hneigð til óendanlegs tvístrings.

Allt, er vér sjáum í heimi þessum, gott, illt eða hvorugt, öll störf eða hugsanir, sem eru í heiminum, er grundvallað á þessari einu og sömu frelsisbaráttu. Það eru þessi áhrif, sem knýja helgan mann til bæna og ræningjann til rána. Þegar mið starfsins er ekki rétt, köllum vér það illt, en þegar opinberun þess er rétt og háleit, köllum vér það gott.

En innblásturinn er hinn sami, barátta til frelsis. Helgi maðurinn hrjáist af hugmyndinni um fjötra sína, og hann þráir að losna úr þeim, og þess vegna biður hann guð. Þjófurinn hrjáist af þeirri hugmynd, að hann eigi ekki ákveðna hluti, og hann þráir að losna við hana til þess að verða frjáls fyrir henni, og þess vegna stelur hann. Frelsi er hið eina mark gervallar náttúrunnar, skynlausrar og skynjandi, og allt stefnir að því sjálfrátt eða ósjálfrátt.

Í öllum trúarbrögðum sjáum vér opinberun þessarar frelsisbaráttu. Hún er undirstaða alls siðferðis og óeigingirni, sem felst í því að losna við þá hugmynd, að ég sé þessi litli líkami. Þegar vér sjáum einhvern gera góðverk, hjálpa öðrum, sýnir það, að maðurinn vill ekki vera lokaður innan hins þrönga hrings „ég og mitt“. En hér dugir engin hálfvelgja. Allir helztu siðalærdómar kenna, að algerð óeigingirni sé takmarkið.

Setjum svo, að einhverjum takist að ávinna sér þessa algerðu óeigingirni. Hvað verður um slíkan mann? Hann er ekki framar Jón litli Jónsson. Hann hefir vaxið óendanlega.

Persónukrílið, sem hann áður var, er glatað að eilífu. Hann er orðinn óendanlegur, og það er markmið allra trúarbragða og kenninga, að maðurinn öðlist þennan takmarkalaus vöxt.

Sá, sem trúir á persónuleikann, skelfist, þegar hann heyrir gerða grein fyrir þessari hugmynd heimspekilega. Um leið kennir hann nákvæmlega þetta sama, þegar hann predikar siðgæði. Hann setur óeigingirni mannsins engin takmörk. Gerum ráð fyrir, að einhver verði að öllu leyti óeigingjarn fyrir kenningu þeirra, sem trúa á persónuleikann. Hvernig getum vér greint hann frá samskonar mönnum annarra siðakerfa?

Hann er orðinn eitt með alheiminum, og það er takmarkið. Veslingarnir, sem trúa á persónuleikann, þora aðeins ekki að draga réttar ályktanir af forsendum sínum. Það er karma-yoga að ná þessu takmarki með óeigingjörnum athöfnum, þessu frelsi, sem er takmark manneðlisins. Sérhver eigingjörn athöfn tefur þess vegna för vora að markinu, en sérhver óeigingjörn athöfn ber oss í áttina til marksins. Eina skilgreiningin, sem unnt er að gera á siðferði, er því þessi: Það, sem er eigingjarnt, er siðspillt. Það, sem er óeigingjarnt, er siðgæði.

En ef þú snýrð þér að aukaatriðunum, kemurðu auga á ónákvæmni. Umhverfið gerir t. d. smáatriðin ólík. Athöfn, sem er óeigingjörn í þessum kringumstæðum, verður eigingjörn, þegar öðruvísi er ástatt. Vér getum því aðeins skilgreint þetta í meginatriðunum, en göngum fram hjá aukaatriðunum, til þess að þau verði skýrð eftir mismun tíma, rúms og aðstæðna. Í þessu landi getur einhver hegðun verið talin siðgæði, en í öðru landi versta siðspilling, af því að aðstæðurnar eru ólíkar.

Vér sjáum, að takmark gervallar náttúrunnar er frelsi og að þessu frelsi verður aðeins náð með fullkominni óeigingirni, og sérhver athöfn, hugsun, orð eða dáð, sem er óeigingjörn, færir oss nær markinu og er þess vegna kölluð siðgæði. Þú munt ganga úr skugga um, að þessi skilgreining kemur heim við öll trúarbrögð og öll siðakerfi. Þú finnur t. d. ólíkar siðahugmyndir. Í sumum kerfum eru þær komnar frá æðri veru, guði. Ef þú spyrð, hvers vegna einhver eigi að gera þetta, en ekki hitt, svara þeir þér: Af því að guð skipar það.

En frá hvaða uppsprettu, sem siðakerfin eru runnin, felst í þeim sú eina aðalhugsun, að hugsa ekki um sjálfan sig, að afneita sjálfum sér. En sumir óttast samt sem áður að afsala sér persónukríli sínu, þó að þeir hafi þessar göfugu siðahugmyndir. Ég vildi biðja þann, sem héldi dauðahaldi í persónukrílið, að íhuga ástand þess, sem er orðinn algerlega óeigingjarn, sem hugsar ekkert um sjálfan sig, sem vinnur ekkert sjálfs sín vegna, sem mælir ekki orð af vörum sjálfs sín vegna, og spyrja: Hvar er þá „hann sjálfur“? Þetta „hann sjálfur“ er honum persóna, meðan hann hugsar, starfar og aflar sér þekkingar sjálfs sín vegna. Hvar er „hann sjálfur“, ef hann hefir aðeins vitund um aðra, um umheiminn? Hann er farinn fyrir fullt og allt.

Karma-yoga er því aðferð til þess að öðlast frelsi fyrir óeigingirni með góðum athöfnum. Karma-yoginn þarfnast engra kenninga. Hann þarf ekki að trúá á guð, þarf ekki að spyrja um, hvað sál sín sé, né brjóta heilann um nein háspekileg efni. Hann hefir fengið sérstakt skyldustarf. Hann verður sjálfur að leysa það af hendi. Sérhvert augnablik æfi hans verður að vera helgað framkvæmd, af því að hann er að leysa af hendi nákvæmlega sama viðfangsefnið, án siðalærdóma og kenninga, sem gnana-yoginn og trúmaðurinn brjóta heilann um og sníða úr kenningar.

Nú kemur næsta viðfangsefnið. Hvað er starfið? Hvað er það að gera heiminum gott? Getum vér gert heiminum gott? Nei, í fullkomnum skilningi, já, í takmörkuðum skilningi. Heiminum verður ekki unnið það gagn, sem varir. Hann væri ekki þessi heimur, ef það væri hægt. Vér getum satt hungur einhvers í fimm mínútur, en hann hungrar aftur. Sérhver ánægja, sem vér getum veitt öðrum, getur aðeins verið stundleg. Enginn getur læknað þessa sífelldu endurtekningu ánægju og þjáninga fyrir fullt og allt.

Er unnt að veita heiminum að einhverju leyti varanlega farsæld? Nei, jafnvel það er ekki unnt. Þú getur ekki látið svo báru rísa á fleti hafsins, að þú gerir ekki dal á öðrum stað. Samsafn kraftanna í heiminum er alltaf eins, ávallt jafnmikið. Það verður hvorki aukið né af því tekið.

Athugum sögu mannkynsins, eins og vér þekkjum hana nú. Sama eymdin og sama farsældin, sama ánægjan og sömu þjáningarnar, sami stéttamunur, sumir auðugir, aðrir snauðir, sumir hátt settir, aðrir lágt, sumir heilbrigðir, sumir heilsulausir. Þú sérð, að þetta var alveg eins með Forn-Egyptum, Grikkjum, Rómverjum sem Ameríkumönnum nú á tímum. Það hefir alltaf verið eins, síðan sögur hófust. En jafnframt sjáum vér, er vér rennum huganum yfir allan þennan mismun ánægju og þjáninga, að alltaf hefir verið barist fyrir að eyða honum.

Á hverju tímabili sögunnar hafa verið uppi þúsundir manna og kvenna, sem hafa streizt við að greiða lífsleið annarra. En þeim hefir aldrei tekist það. Vér getum aðeins leikið oss að því að spyrna knettinum úr einum stað í annan. Vér fjarlægjum skynlíkamann þjáningum, og þær leggjast á huglíkamann.

Þetta líkist myndinni í helvíti Dantes, þar sem nirflunum er fenginn gullklumpur. Þeir sveitast við að velta honum upp brekkuna, en hann skondrar jafnhraðan niður aftur. Svo hverfist og hvel gæfu og ógæfu. Allt þetta mas um þúsundarárikið er nógu skemmtilegt í barnaskólasögur, en til annars er það ekki. Allar þjóðir, sem vænta þúsundarárís, ímynda sér, að þá muni þeim vegna bez. Svona er hún dásamlega óeigingjörn, hugsjónin um þetta þúsundaráriki!

Vér erum komnir að þeirri niðurstöðu, að vér getum ekki aukið farsældina í heiminum. Ekki getum vér heldur aukið þjáningarnar. Samsafn kraftanna, sem úr er að spila, verður alltaf jafnmikið. Vér sveiflum þeim einungis frá einni hlið til annarrar, frá þessari hlið til hinnar, en þeir verða jafnmiklir eftir sem áður, af því að það er hið sanna eðli þeirra. Flóð og fjara, fall og ris, er hið sanna eðli þeirra.

Gagnstæðan væri álíka rökrétt og ef vér segðum, að vér gætum lifað án þess að deyja. Þetta er helber heimska, af því að í hugmyndinni líf felst stöðugur dauði. Ljósið eyðir ljósmetinu af lampanum, og það er þess líf. Ef þú vilt lifa, verðurðu líka að deyja á hverju augnabliki. Þetta eru aðeins ólík orð um sama hlutinn, mynduð frá ólíkum sjónarmiðum. Hvort tveggja er fall og ris sömu öldunnar og mynda bæði einn hlekk. Þessi lítur á fallið og verður bölsýnn eða á risið og verður bjartsýnn.

Meðan drengurinn gengur í skóla og foreldrar hans vaka yfir honum, virðist allt brosa við honum. Þarfir hans eru litlar. Hann er mjög bjartsýnn. En öldungurinn með reynslu sína er orðinn rólegri, og hann er orðinn útkulnaður. Svo eru og gamlar þjóðir með hnignunina í blóðinu vonlausari en ungar þjóðir. Í Indlandi er þetta spakmæli: „Þúsund ár borg og þúsund ár skógur.“ Þessi breyting varir og gerir menn bjartsýna eða bölsýna, eftir því hvora hliðina þeir sjá.

Næsta hugmyndin, sem vér viljum gera að umtalsefni, er jafnaðarhugmyndin. Hugmyndin um þúsundarárikið hefir verið mikil starfshvöt. Mörg trúarbrögð kenna þetta sem meginatriði. Guð kemur til þess að stjórna heiminum. Þá verður enginn munur á kjörum manna.

Þeir, sem þetta kenna, eru ofstækismenn, og ofstækismenn eru allra manna hreinskilnastir. Kristindómurinn var einmitt predikaður með þessu ofstæki, og þetta var það, sem gerði hann aðlaðandi í augum grískra og rómverskra þræla. Þeir trúðu því, að þrældóminum yrði af þeim létt, þeir mundu hafa nóg að eta og drekka, og þess vegna fylktu þeir sér um hugsjónina.

Þeir, sem kenndu þessa hugmynd fyrst, voru auðvitað fávísir ofstækismenn, en mjög hreinskilnir. Nú á tímum kemur þetta fram í líki jafnaðar, – jöfnuður, frelsi og bræðralag. Þetta er líka ofstæki. Slíkur jöfnuður hefir aldrei átt sér stað og getur aldrei átt sér stað.

Hvernig gætuð þér orðið jafnir hér? Það yrði dauði. Hvað myndaði heiminn? Glatað jafnvægi. Á frumstiginu, sem nefnt er óskapnaður, er fullkomið jafnvægi. Hvernig verða öll þessi öfl til? Með baráttu, samkeppni, árekstri.

Gerum ráð fyrir, að öllum þessum efnisögnum væri haldið í jafnvægi. Yrði þá nokkur sköpun? Vér vitum frá vísindunum, að hún yrði engin. Hrærðu í vatninu, og þú sérð, að sérhver dropi leitast við að komast aftur í kyrrð. Þeir rekast hver á annan, og á þennan hátt

gerast öll þau fyrirbrigði, sem þú kallar alheiminn, – allt berst við að komast aftur í algert jafnvægi. Þá verður aftur röskun, og þessi sameining heldur áfram og skapar.

Ójafnleikur er einmitt undirstaða sköpunar. En jafnframt eru þau öfl, sem berjast við að ná jafnleika, eins nauðsynleg sköpuninni og hin, sem raska honum.

Alger jöfnuður, það er að segja fullkomið jafnvægi allra starfandi afla, verður aldrei í heimi þessum. Áður en þú nærð þessu ástandi, verður jörðin útkulnaður ísklumpur og hér verður engin lifandi vera. Vér sjáum því, að allar þessar hugmyndir um þúsundaráríki eða algeran jöfnuð, eru ekki aðeins fjarstæða, heldur hefðu þær glötun í för með sér, ef vér vildum koma þeim í framkvæmd.

Hér kemur það aftur til greina, að heilar manna eru ólíkir. Hvað veldur mismun manna? Ólíkir heilar. Vitfirringar einir mundu segja, að heili vor allra sé jafnfullkominn frá fæðingu. Vér erum bornir ójafnir í þennan heim. Vér erum fæddir miklir eða litlir. Það verður með engu móti umflúið.

Indíánar byggðu Ameríku um þúsundir ára, og nokkrir hópar af forfeðrum yðar komu. Hvað olli þeim mikla mun, ef vér erum allir eins? Hví gátu Indíánar ekki komið á umbótum og reist borgir? Hví létu þeir sér nægja að flakka alltaf sem veiðimenn um skógana, ef vér erum allir jafnir?

Ólíkar tegundir heilaefna komu fram, ólíkir forðar umliðinna áhrifa komu fram, og þau þroskuðust og birtust. Alger jafnleiki er dauði. Þessi ójöfnuður varir, meðan heimurinn stendur, en þúsundaráríkið kemur, þegar þessi heimsöld er á enda. Fyrr getur enginn jöfnuður orðið.

Samt er hugmynd þessi öflug starfshvöt. Eins og ójöfnuður er sköpuninni nauðsynlegur, svo er og baráttan til þess að takmarka hann nauðsynleg. Ef misjöfnuðurinn væri enginn, ætti engin sköpun sér stað. Ef engin barátta fyrir lausn og afturhvarfi ætti sér stað, yrði engin sköpun. En það er mismunur beggja þessara afla, sem skapar starfshvötina. Þessi starfshvöt varir því alltaf.

Þessi hjól í hjóli eru geigvænleg vélagerð. Ef vér stingum hendinni inn, erum vér frá, jafnskjótt og vélin hremmir oss. Vér höldum allir, að vér öðlumst hvíld, þegar einhverri ákveðinni skyldu er lokið, en áður en vér höfum lokið við hluta af henni, bíður önnur eftir oss. Vér drögumst allir áfram með vélinni.

Leiðirnar eru aðeins tvær. Önnur er að afsala sér vélinni, láta hana ganga og standa sjálfur hjá. Afsölum oss óskum vorum. Þetta er ofur auðvelt að segja, en það er nálega ókleift að gera það. Ég efast um, að einn af tuttugu milljónum manna sé fær um það. Hin leiðin er að kasta

sér út í heiminn og læra leyndardóm starfsins, og það er karma-yoga. Flýðu ekki heiminn, en stattu hjá og þekktu leyndardóm starfsins. Fyrir starf öðlumst vér lausn. Gegnum vélna liggur leiðin út.

Vér höfum nú komist að raun um, hvað starfið er. Efnið er í stuttu máli þetta: Starfið varir frá eilífð til eilífðar, og þeir, sem trú á guð, munu skilja þetta betur með því, að hugsa sér guð svo vanmáttugan, að hann þarfnist hjálpar vorrar.

Í öðru lagi mun þessi heimur alltaf vara. Vér verðum að hafa það hugfast, að takmark vort er frelsi. Takmark vort er óeigingirni, og markinu verður náð með starfi, og þess vegna verðum vér að læra leyndardóm starfsins.

Vér höfum lært, að starfið varir. Allar hugmyndir um að gera heiminn fullkomlega farsælan geta verið ofstækismönnum góð starfshvöt. Slíkar flónskuhugmyndir hafa getað verið góðar fyrr á tímum, en vér verðum alltaf að minnast þess, að þótt ofstæki sé góð starfshvöt og komi einhverju góðu til leiðar, veldur það jafnframt engu síður illu en góðu.

Karma-yoginn spyr: Hví skyldir þú þarfnast nokkurra starfshvata? Vertu laus við hvatirnar. „Þú hefir rétt til starfsins, en ekki ávaxta þess.“ Þangað geta menn þroskað sig, segir karma-yoginn. Þegar hugsunin um að gera gagn er orðin samgróin innsta eðli mannsins, leitar hann ekki neinna hvata að utan.

Hví skyldum vér gera gott? Af því að oss fellur það vel, og fáumst ekki frekar um það. Gerðu gott vegna þess, að það er gott að gera gott. Sá, sem gerir gott til þess að öðlast himnaríki, fjötrar sjálfan sig, segir karma-yoginn.

Hvert það starf, sem unnið er af hvöt, bætir einum fjötri við fætur vora, í stað þess að gera oss frjálsa, en það er takmarkið. Ef vér höldum, að vér öðlumst himnaríki fyrir þessi og þessi störf, drögumst vér að stað, sem nefndur er himnaríki, og vér verðum að fara þangað og sjá alla þessa hluti. Það eykur við einum fjötri.

Eina leiðin er því sú að afsala sér öllum ávöxtum starfsins, vera óháður. Minnstu þess, að heimurinn er hvorki vér né vér heimurinn, að vér erum í raun og veru ekki líkaminn, að í raun og veru störfum vér ekki.

Vér erum sjálfið, að eilífu í ró og friði. Hví skyldum vér vera fjötraðir við nokkurn hlut? Vér megum ekki gráta. Fyrir sálinni er enginn grátur. Vér megum jafnvel ekki gráta af samúð.

Oss geðjast aðeins þess konar efni og ímyndum oss, að þannig gráti guð á veldisstóli sínum. Slíkur guð væri ekki þess verður, að vér nálgumst hann. Hví skyldi guð gráta? Það er tákni

veikleika, fjötra. Ekkert tár ætti að vera til. Hvernig má það verða? Það er auðvelt að segja: Vertu algerlega óháður. En hver er leiðin til þess að ná því?

Sérhvert góðverk, sem vér gerum án hvata að utan, brýtur einn hlekk í fjötrum vorum í stað þess að fjölga þeim. Sérhver góð hugsun, sem vér sendum heiminum án þess að hugsa um endurkomu hennar, margfaldast og brýtur einn hlekk í festinni og hreinsar oss, unz vér verðum flekklausastir allra dauðlegra manna. Samt virðist oss þetta vera fremur ósennilegt og heimspekilegt en hagkvæmt. Ég hefi lesið margar röksemdir gegn Bhagavad-gíta, og margir hafa haldið því fram, að ástæðulaust yrði ekkert unnið. Þeir þekkja ekkert annað en ofstækisverk, og því mæla þeir svo.

Ég ætla að segja yður í stuttu máli frá manni, sem sýndi það í verkum sínum, að hann var óháður. Þessi maður var Búddha. Hann er eini maðurinn, sem sýndi þetta að fullu og öllu í verkum sínum. Allir spámenn heimsins, aðrir en Búddha, hafa starfað af ytri hvötum.

Spámenn heimsins er hægt að greina í tvo flokka, en Búddha telst til hvorugs þeirra. Spámenn annars flokksins segjast vera guðir, stignir niður á jörðina, en hinir segjast vera sendiboðar guðs. Báðir eru knúðir fram af öflum utan að og vænta launa þaðan, hversu fagurt sem þeir mæla.

En Búddha er eini spámaðurinn, sem sagði: „Ég hirði ekki um að þekkja hinar og þessar hugmyndir ykkar um guð. Hvert gagn er að því að þrefa um þessar hégómlegu kenningar um sálina? Breyttu vel, og vertu góður. Og fyrir þetta öðlastu allan sannleika.“

Hann var gersamlega laus við ytri hvatir, og hver starfaði meira en hann? Sýndu mér einn einasta mann sögunnar, sem var svo hátt yfir allt hafinn. Gervallt mannkynið hefir aðeins alið einn slíkan, slíka afburða-heimspeki, slíka samúð, slíkan undra-heimspeking, sem kenndi æðstu heimspeki og var jafnframt gæddur samúð með lítilfjörlegustu dýrum og krafðist aldrei neins.

Hann er alfullkominn karma-yogi, sem vinnur gersamlega án persónulegra hvata, og mannkynssagan sýnir, að hann hefir verið mesti maðurinn, sem nokkru sinni hefir fæðst, hin öflugasta sameining heila og hjarta, sem nokkurn tíma hefir til verið, hafinn yfir allan samanburð, völdugasta andans afl, sem nokkurn tíma hefir opinberast.

Hann var fyrsti mikli umbótamaðurinn, sem heimurinn hafði séð. Hann þorði fyrstur að segja: „Trúðu ekki neinu fyrir það, að það stendur í einhverjum gömlum ritum. Trúðu ekki af því, að það er þjóðtrú þín, ekki af því, að þú hefir verið látinn trúa því frá barnæsku, en finndu sannleikann með hugsun þinni, og þegar þú hefir gert þér grein fyrir honum, skaltu trúa honum, ef þér virðist hann vera hverjum og einum til blessunar, lifa fyrir hann og hjálpa öðrum til að öðlast hann.“

Sá starfar bezt, sem starfar án eigingjarnra hvata, sem þráir hvorki peninga né neitt annað, og þegar maðurinn er fær um þetta, verður hann einnig Búddha, og frá honum streymir máttur til þess að starfa svo, að það breyti heiminum. Þetta er hið sanna takmark karma-yoga.

